FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
301. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 22. DESEMBER 2017



**Sjálfsvígsforvarnasamtökin Pieta stóðu fyrir vetrarsólstöðugöngu í gær. Var gengið til að minnast þeirra sem sviptu sig lífi á árinu en þetta er annað árið sem gangan er farin. Að lokinni göngu var safnast saman við vitann á Skarfagarði þar sem kveikt var á kertum og nöfn ástvina og kveðjur voru ritaðar á vitann.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Gefa ekki upp afstöðu sína til Sigríðar

**Krafa er um það í grasrót Vinstri grænna að Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra víki í ljósi niðurstöðu Hæstaréttar um að hún hafi brotið lög við skipan dómara við Landsrétt. Tveir þingmenn VG gefa ekki upp afstöðu sína gagnvart ráðherranum.**

**STJÓRNMÁL** Rósa Björk Brynjólfsdóttir og Andrés Ingi Jónsson, þingmenn Vinstri grænna, vilja ekki gefa upp hvort þau styðji Sigríði Á. Andersen dómsmálaráðherra. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vilja margir í grasrót VG að Sigríður víki til að hreinsa andrúmsloftið innan ríkisstjórnarinnar. Ljóst sé að æðsti dómstóll landsins hafi komist að þeirri niðurstöðu að dómsmálaráðherra hafi brotið lög við skipan dómara í Landsrétt í vor. Í grasrót VG sé það talið mikilvægt fyrir flokkinn að sýna það í verki að ný vinnubrögð verði tekin upp á Alþingi.

Rósa Björk og Andrés Ingi samþykktu ekki stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og segjast nú bíða athugunar stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar á embættisfærslum dómsmálaráðherra. Rósa segist ætla að taka afstöðu til vantrausts á dómsmálaráðherra þegar og ef slík tillaga kemur fram. Hún sagði það óábyrgt að hafa uppi einhverjar yfirlýsingar í fjölmiðlum á þessu stigi. „Dómurinn talar sínu máli og viðbrögð ráðherrans finnst mér alls ekki til sóma,“ segir Rósa Björk.

Andrés Ingi Jónsson hafði einnig miklar efasemdir um stjórnarsamstarf við Sjálfstæðisflokkinn. Hann segist ekki geta ráðið því hverjir séu ráðherrar Sjálfstæðisflokksins. „Ég var einn þeirra sem gagnrýndu þessi vinnubrögð á sínum tíma, í vor. Núna vil ég leyfa stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd að fara yfir málið og þar stendur það í dag,“ segir Andrés Ingi. Þegar hann er spurður út í það hvort Sigríður njóti trausts hans sem ráðherra segir hann afstöðu sína hafa legið fyrir síðan í vor. „Hún situr sem ráðherra í umboði síns flokks og ég vel ekki ráðherra dómsmála. Afstaða mín varðandi skipan dómara í Landsrétt er sú sama og hjá okkur í VG í vor.“



Bjarkey Gunnarsdóttir.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingflokksformaður VG, segir málið í farvegi innan þingsins en að Sigríður hafi traust sitt. „Ég styð þessa ríkisstjórn og þar með styð ég Sigríði Andersen,“ segir Bjarkey.

sveinn@frettabladid.is

## Jólagjafir fyrir þau sem ekkert vantar

**LÍFIÐ** Það getur verið vandasamt að finna réttu jólagjafirnar fyrir fólkið sitt og þá aðallega fyrir þau sem eiga allt og vantar ekkert. Gjafabréf á námskeið, upplifun eða dekur er skotheld gjöf. Sömuleiðis er sniðug lausn að styrkja góðgerðarfélög í nafni viðkomandi eða gefa ávísun á skemmtilega samverustund. Í Lífinu er að finna fleiri góðar hugmyndir. – gha / sjá síðu 34



## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Bergur Ebbi kveðst vera að komast í jólaskap. 17

**LÍFIÐ** Vala Árnadóttir gefur góð ráð þeim sem vilja taka þátt í Veganúar. 32

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015












Veður




Allhvöss sunnanátt með talsverðri rigningu, einkum sunnan til, í dag. Snýst í suðvestankalda síðdegis með slyddu- og síðan snjóéljum, en rofar til um landið austanvert.

SJÁ SÍÐU 24

# Jólaveisla auðnutittlinganna



Það eru fleiri en við mannfólkið sem gera sér glaðan dag um þessar mundir og heimsækja vini og vandamenn til að fagna hátíðunum. Þessir auðnutittlingar kíktu í jólaboð í gær til ljósmyndara Fréttablaðsins. Auðnutittlingar eru staðfuglar og eru búsvæði þeirra einkum skógar, kjarr og garðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Reyktur grís enn vinsælastur

**SAMFÉLAG** Fjörutíu og sjö prósent landsmanna munu gæða sér á hamborgarhrygg á aðfangadag. Þetta kemur fram í niðurstöðum MMR sem kannaði hverju Íslendingar gæða sér á þegar jólin ganga í garð.

Næstvinsælasti jólamatur landsmanna er lambakjöt, þá annað en hangikjöt, en 13 prósent sögðust mundu gæða sér á því. Þeim fjölgar milli ára sem ætla að borða lambakjöt á aðfangadag og nemur aukningin rúmum þremur prósentustigum.

Kalkúnn eða rjúpur verða á borðum rúmlega 8 prósenta landsmanna, hvort um sig. Fimm prósent ætla að borða nautakjöt og um 3 prósent önd.

**72%**

**stuðningsmanna Flokks fólksins gæða sér á hamborgarhrygg á jólunum.**

MMR segir ljóst að hefðir og venjur skipti miklu máli þegar um er að ræða veisluhöld á aðfangadag, engu að síður eru það heil 15 prósent landsmanna sem fara aðrar leiðir og gæða sér á einhverju allt öðru en hin 85 prósent þjóðarinnar gera.

Fólk á landsbyggðinni er líklegra til að borða lambakjöt á aðfangadag, eða um 16 prósent, og lambakjötið nýtur meiri vinsælda meðal stuðningsfólks Framsóknarflokks. Íbúar á landsbyggðinni eru jafnframt líklegri en aðrir til að borða hamborgarhrygg en aðrir, eða 45 prósent.

Rjúpur eru vinsæll matur meðal stuðningsmanna Miðflokksins en um 20 prósent þeirra ætla að gæða sér á þeim á aðfangadag. Heil 72 prósent stuðningsmanna Flokks fólksins ætla að borða hamborgarhrygg. Þá eru kjósendur Pírata líklegastir til að borða annað en það sem talið var upp í könnun MMR. – khn

## Mjótt á munum í Katalóníu

**SPÁNN** Stjórnmálaástandið í Katalóníu verður ekki einfaldara á næstunni ef útgönguspár fyrir héraðsþingkosningarnar reyndust réttar. Niðurstöður lágu ekki fyrir áður en Fréttablaðið fór í prentun.

Útgönguspár bentu til þess að stærstu flokkar aðskilnaðarsinna, Vinstri-lýðveldissinnar (ERC) og Sameinuð um Katalóníu (JxCat), fengju lítinn meirihluta ef með er talinn smáflokkurinn CUP sem starfaði með ERC og JxCat áður en forsætisráðherra Spánar leysti þingið upp í kjölfar sjálfstæðisyfirlýsingar októbermánaðar.

CUP er hins vegar andvígur Evrópusambandinu sem hinir flokkarnir eru ekki. Þykir lítill munur á milli fylkinga ekki til þess fallinn að sameina héraðið eftir raunir síðustu mánaða. – þea




# Eldislaxar líklegri til að vera heyrnarskertir

**Ný rannsókn sýnir að eldislax er líklegri en villtur lax til að vera heyrnarskertur. Við heyrnarmissi geta laxar tapað færni til að skynja hættu í umhverfi og rata heim í á. Íslensk laxeldisseiði eru helmingi líklegri til að skila sér ekki aftur.**

**DÝRAVELFERÐ** „Við það að breyta hitastiginu þá breytist þroskaferillinn þannig að fiskarnir eru ekki jafn hæfir til að alast upp í náttúrunni,“ segir Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri ferskvatnslífríkis hjá Hafrannsóknastofnun. Á Íslandi er á hverju ári tekið klak úr ám og fært í eldisstöðvar. Þar eru seiðin alin þar til þau verða sjógönguseiði. Þar getur verið annað hitastig á vatninu en í ánni. Frá eldisstöðinni eru seiðin svo flutt aftur í ána til að synda með villta laxinum niður í sjó í fæðuleit. Skilahlutfall þessara eldisseiða á Íslandi er talsvert minna en hjá villtu seiðunum.

„Það eru ekki nema 30 til 40 prósent sem skila sér til baka miðað við villtu seiðin, eða nærri helmingi meiri líkur á að þau deyi í sjónum. Þetta gæti verið ein ástæðan, en það gætu verið fleiri þættir í þessum fyrstu þroskastigum, ef þau eru keyrð of hratt í gegn. Að hafa hærra hitastig á eldisfiski til að hann vaxi sem hraðast er kannski ekki það besta. Sérstaklega ekki ef þú ert að fara að sleppa honum út í villta náttúru,“ segir Ragnar Jóhannsson, sviðsstjóri fiskeldis og fiskiræktar hjá Hafrannsóknastofnun.

„Laxinn er alinn þannig að á fyrstu stigum er hann í ferskvatni. En síðar getur hann verið bæði í ferskvatni og sjó. Þá er miklu betra fyrir hann að vera í sjó, því þar er meiri fæða. En það er öruggara að vera í ánum, þar eru færri afætur. Þess vegna hefur lax þróast svona. Hann fer upp í árnar til að klekja út eggjum, þar sem öruggt er að vera,“ segir Ragnar Jóhannsson.



Laxar úr eldisstöð í Fossfirði í Arnarfirði. MYND/ERLENDUR GÍSLASON

**Það eru ekki nema 30 til 40 prósent sem skila sér til baka miðað við villtu seiðin.**



Ragnar Jóhannsson, sviðsstjóri fiskeldis og fiskiræktar hjá Hafrannsóknastofnun

Í áströlsku rannsókninni sem birt var í Journal of Experimental Biology á þessu ári var komist að því að hraði vaxtarins á seiðastigi olli því að kvarnir í eyrum fiskanna uxu of hratt og kristallabygging í eyrnavölu þeirra raskaðist þannig að allt að helmingur þeirra varð heyrnarskertur. Eyrnavalan gegnir hlutverki stöðu- og jafnvægisskyns fisksins. Slík breyting hefur því áhrif á færni hans til að rata heim og skynja hættur í villtri náttúru.

lovisaa@frettabladid.is


RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
WWW.RFL.IS
Allar sængur 20-50% afsláttur
Gleðileg jól
Allar ábreiður 30% afsláttur
Öll sængurver 20-40% afsláttur
GILDIR 22.12 - 24.12

# Íslendingar hafa drukkið rúma kippu af jólabjór hver

**SAMFÉLAG** Þann 20. desember var búið að selja 559 þúsund lítra af jólabjór í Vínbúðum ÁTVR, eða ríflega sjö þúsund lítrum meira en á sama tíma í fyrra samkvæmt upplýsingum frá ÁTVR.

Klárt mál er hver vinsælasti jólabjórinn er meðal landsmanna en þar trónir Tuborg Julebryg á toppnum. Selst hafa 224.652 lítrar af þeirri tegund eða 42 prósent af öllum seldum jólabjór í ár.

Á sama tíma í fyrra höfðu selst 552 þúsund lítrar en heldur fleiri tegundir eru í boði nú eða 47 að sögn Sigrúnar Óskar Sigurðardóttur, aðstoðarforstjóra ÁTVR.

Sala á jólabjórnum hófst þann 15. nóvember síðastliðinn og stendur að jafnaði fram að þrettándanum á nýju ári.

Salan það sem af er tímabilinu jafngildir því að Íslendingar hafi keypt nærri 1,7 milljónir flaskna (33 cl) af jólabjór á rúmum mánuði eða sem nemur rúmlega sex stykkjum á hvern Íslending sem aldur hefur til að kaupa áfengi í verslunum ÁTVR. **– smj**

## Vinsælustu jólabjórarnir

| Tegund | Sala 2017 | Hlutfall | Sama tíma 2016 |
|---|---|---|---|
| 1. Tuborg Julebryg | 237.253 | 42% | 224.652 |
| 2. Víking Jólabjór | 69.482 | 12% | 74.935 |
| 3. Thule Jólabjór | 49.366 | 9% | 50.741 |
| 4. JólaGull | 44.613 | 8% | 38.406 |
| 5. Jóla Kaldi | 29.607 | 5% | 29.104 |



**Íslendingar kneyfa jólabjór sem aldrei fyrr og nýtur Tuborg Julebryg mestra vinsælda.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ógn við lýðræðið að virkir geti tekið yfir dagskrá þingsins

**Lektor við Háskólann í Reykjavík fer hörðum orðum um aðdraganda þingrofs og vinnulag við brottfall uppreistar æru í nýrri grein í tímariti Lögréttu. Markmið greinarinnar er að minna á þá hættu sem óábyrg ástundun stjórnmála ber með sér. Stjórnarslitin gefi tilefni til hugrenninga um iðkun stjórnmála hérlendis.**

**STJÓRNSKIPUN** „Út frá sjónarhóli lýðræðisins er óviðunandi að fámennir hópar þeirra sem eru virkir á samfélagsmiðlum geti orðið dagskrárstjórar löggjafarþingsins með því einu að hafa hátt,“ segir í grein sem Arnar Þór Jónsson, lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, og dr. Renata Martins, Háskólanum í Köln, rita.

Greinin, sem ber heitið Lýðskrum og réttarríki, birtist í nýjasta tölublaði tímarits Lögréttu og fjallar um hvernig lýðskrumi, eða popúlisma, hefur vaxið ásmegin að undanförnu. Þá er einnig fjallað um aðdraganda þess að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins, Bjartrar framtíðar og Viðreisnar fór frá og að ákvæði um uppreist æru voru felld úr lögum fyrir þinglok.

„Gera má ráð fyrir að síðar meir, þegar menn munu lesa um fréttaviðburði haustsins 2017, muni ýmsir undrast að það sem úr fjarlægð virðist vera lítil þúfa geti velt svo þungu hlassi sem heil ríkisstjórn er. […] Tilgangur greinarinnar er að minna á þá hættu sem óábyrg ástundun stjórnmála ber með sér,“ segir í greininni.

Eftir að Björt framtíð sleit ríkisstjórnarsamstarfinu, að lokinni netkosningu, og boðað var til nýrra kosninga náðist samkomulag á þinginu um að fella ákvæði um uppreist æru úr hegningarlögum. Þess í stað gátu brotamenn „endurheimt borgararéttindi“ sjálfkrafa að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Höfundar greinarinnar benda á að löggjafanum hafi verið „fulljóst að með þessari lagabreytingu virti hann að vettugi stjórnarskrárvarin réttindi“. Löggjöfin skildi vissan hóp dómþola eftir án möguleika á endurheimt réttinda sinna.

„[Niðurstaðan er] til marks um að handhafar löggjafarvalds hafa misst kjarkinn gagnvart hamslausum pólitískum upphrópunum. Með slíkum vinnubrögðum er grafið undan lýðræðislegu stjórnarfyrirkomulagi,“ segir í greininni.

Í greininni er enn fremur rakið að aðdragandi stjórnarslitanna gefi ríkt tilefni til hugrenninga um iðkun stjórnmála og að hann veki upp áleitnar spurningar um hvaða hagsmunum viðkomandi stjórnmálamenn telja sig vera að þjóna. Ekki verði betur séð en ákvörðun um slit á ríkisstjórnarsamstarfi hafi verið látin ráðast af „tilfinningum frekar en rökrænum ástæðum“.

„Stjórn landsins var um leið sett í uppnám […] vegna uppþots og háreysti um mál sem var ekki einu sinni á borði ríkisstjórnarinnar,“ segja höfundar. Stjórnmálamönnum sé meðal annars ætlað það hlutverk að vera leiðtogar og í því felist að þeir „megi ekki missa máttinn í hvert skipti sem rekið er upp ramakvein á opinberum vettvangi“.

„Sagan sýnir að þegar stjórnmálamenn falla í þá freistni að ráðast að óvinsælum einstaklingum og/eða hópum til að friðþægja reiði almennings, þá er iðulega hætta á ferðum.“ **johannoli@frettabladid.is**


**Frá fundi á Austurvelli 15. september síðastliðinn en degi fyrr hafði ríkisstjórnin fallið.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Apple hægir á eldri símum

**TÆKNI** Apple viðurkenndi í gær að fyrirtækið hægði viljandi á eldri iPhone-símum. Fyrirtækið hefur lengi verið sakað um slíkt og hefur það verið sagt gert í því skyni að fá sem flesta til að kaupa nýrri útgáfur.

Samkvæmt Apple snýst málið þó eingöngu um að lengja rafhlöðuendingu gömlu símanna og koma í veg fyrir að þeir slökkvi óvænt á sér. Eftir því sem símar verði eldri verði rafhlöður þeirra verri og því sé afkastageta símanna takmörkuð.

„Liþín-jóna-rafhlöður verða með tíð og tíma illfærar um að sjá símanum fyrir nægilegu rafmagni, einkum í kulda. Þetta getur valdið því að síminn slökkvi óvænt á sér. Í fyrra uppfærðum við iPhone 6, iPhone 6s og iPhone SE til þess að koma í veg fyrir slíkt,“ sagði í yfirlýsingu frá Apple. **– þea**

# Vantar hundrað milljónir til SAK

**HEILBRIGÐISMÁL** Hundrað milljónir króna vantar upp á fjárheimildir svo Sjúkrahúsið á Akureyri geti veitt íbúum á svæðinu nauðsynlega þjónustu. Bæjarstjórn Akureyrar samþykkti samhljóða í gær ályktun þar sem miklum vonbrigðum er lýst með það fjármagn sem ætlað er til heilbrigðismála á Norðurlandi í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi.

Fram kemur að í ljósi þess að sérstök áhersla sé lögð á heilbrigðismál í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar skjóti það skökku við að sjúkrahúsið fái aðeins aukningu upp á 0,6 prósent. Aukin þjónustuþörf undanfarin ár hafi verið á bilinu tvö til fjögur prósent árlega. Þá furðar bæjarstjórnin sig á hagræðingarkröfu í garð Heilbrigðisstofnunar Norðurlands. Þjónustuþörfin hafi aukist verulega. **– bg**




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is | Opið alla virka daga 10–19 | Um helgar 11–19




24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira svona alla daga

# Telja Fjarskipti undirverðlögð



Stefán Sigurðsson, forstjóri Fjarskipta.

**VIÐSKIPTI** Hagfræðideild Landsbankans telur að hlutabréf Fjarskipta séu undirverðlögð og ráðleggur fjárfestum að kaupa bréf í félaginu. Samkvæmt nýju verðmati hagfræðideildarinnar, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, er gengi hlutabréfa félagsins metið á 75 krónur á hlut sem er ríflega 15 prósent yfir skráðu gengi félagsins eftir lokun markaða í gær.

Um er að ræða fyrsta verðmat sérfræðinga Landsbankans sem tekur tillit til kaupa Fjarskipta á öllum eignum og rekstri 365 miðla, að undanskildum eignum er varða útgáfu Fréttablaðsins og tímaritsins Glamour, en kaupin gengu endanlega í gegn í byrjun mánaðarins. Hagfræðideildin hækkar verðmat sitt á Fjarskiptum um 38 prósent frá síðasta verðmati í febrúarmánuði.

Er tekið fram að fullra áhrifa af samlegð Fjarskipta og 365 eigi að gæta á næstu 12 til 18 mánuðum og að EBIDTA – rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – verði um 4.335 milljónir króna á næsta ári og 5.119 milljónir árið 2020. Er það í nokkru samræmi við áætlanir stjórnenda félagsins.

**38%**

**er hækkun verðmats Hagfræðideildar Landsbankans á Fjarskiptum.**

Greinendur bankans benda á að samlegðaráhrif kaupanna muni að mestu leyti koma fram í gegnum rekstrarkostnað. Þannig sé sparnaður í tæknimálum metinn á um 600 milljónir króna og auk þess muni nást fram hagræðing í starfsmannahaldi. Ljóst sé þó að töluverð hætta sé á brotthvarfi viðskiptavina í kjölfar kaupanna. – kij


ALVÖRU SKÖTUVEISLA!

ÞÓRIR BERGSSON BÝÐUR TIL SKÖTUVEISLU
Á BERGSSON RE Í DAG.
ALVÖRU VESTFIRSK SKATA
ÚTSÝNI YFIR HÖFNINA Í REYKJAVÍK



BORÐAPANTANIR Í SÍMA 5710822 FRÁ 9 - 16 · GRANDAGARÐUR 16 · BORÐAPANTANIR EKKI NAUÐSYNLEGAR, HÚSIÐ ER OPIÐ



KLASAHÚS MENNINGAR, LISTA OG FERÐAÞJÓNUSTU OPNAR Í REYKJAVÍK

Íslenski menningar- og listaklasinn auglýsir eftir þátttakendum

**Íslenski menningar- og listaklasinn kallar eftir áhugasömum aðilum sem vilja þróa verkefni sín í nýju frumkvöðlasetri fyrir menningarfrumkvöðla, listamenn og ferðaþjónustuaðila, að Fiskislóð 10 í Reykjavík.**

Menningar- og listaklasinn mun bjóða upp á handleiðslu og aðstoð við þróun á nýsköpunarverkefnum í menningargeiranum. Í boði verður:
- aðstoð við þróun verkefna
- persónulegur og sérhæfður stuðningur
- aðstoð við fjáröflun
- tenging við reynslumikla aðila í viðeigandi fagi
- skrifstofuaðstaða með sveigjanlegum samningi

Við leitum að verkefnum, fyrirtækjum, frumkvöðlum og listamönnum sem:
- vilja efla rekstur sinn og gera hann sjálfbæran og arðvænan
- eru opnir fyrir samstarfi þvert á listgreinar og önnur fög
- vilja stækka markhóp sinn og herja á markað erlendis

Klasahúsið er samstarfsverkefni Menningar- og listaklasans, Ferðaklasans og Sjávarklasans. Á tímabilinu janúar - mars 2018 mun viðskiptahraðallinn Startup Tourism einnig fara fram í Klasahúsinu.

Klasahúsið mun opna **15. janúar 2018**. Umsóknarfrestur er til og með **8. janúar 2018**. Frekari upplýsingar veita Martin í síma 824-4699 og Marion í netfanginu marion.brochet@residencecreatis.fr.

ENGLISH SUMMARY: The Icelandic Arts and Culture Cluster will open a business accelerator on January 15th 2018, at Fiskislóð 10, Reykjavík. Applications for participation are open throughout January 8th 2018. For further information contact 824-4699 or marion.brochet@residencecreatis.fr.

Íslenski menningar- og listaklasinn

ÍSLENSKI FERÐAKLASINN Iceland Tourism Cluster


## Jól á lestarstöðinni



Jólin eru haldin víða um heim, ekki bara á Íslandi. Flest þeirra landa sem halda jól eiga sína eigin útgáfu af jólasveini. Í Rússlandi mætti jólasveinn þeirra Rússa, sem og annarra slavneskra þjóða, á Yuzhny-lestarstöðina í Kaliningrad í gær. Sá nefnist Ded Moroz, eða Afi Frost, og færir börnum gjafir á gamlársdag. NORDICPHOTOS/AFP

# Hóta málssókn eftir að lóðin var afturkölluð

**Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa ógilt lóðarúthlutun frá árinu 2006 þar sem byggja átti garðyrkjustöð. Eigendurnir vísa fullyrðingum um verulegar vanefndir á bug og segja bæinn hafa kallað yfir sig tjón upp á hundruð milljóna.**

**SKIPULAGSMÁL** Bæjarstjórn Hafnarfjarðar afturkallaði á miðvikudag úthlutun lóðarinnar Þorlákstúns þar sem fjárfestar vildu byggja garðyrkjustöð eða íbúðabyggð. Þeir vísa fullyrðingum um verulegar vanefndir á bug og segja bæinn hafa kallað yfir sig tjón upp á hundruð milljóna króna.



Ellefu ár eru liðin síðan Hafnarfjarðarbær úthlutaði 37.500 fermetra lóð, Þorlákstúni, undir garðyrkjustöð og ræktun. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Bæjaryfirvöld sömdu um úthlutun á lóðinni Lyngbarði 2 (Þorlákstúni) á Holtinu í Hafnarfirði til einkahlutafélagsins Syðra-Langholts á vormánuðum 2006. Eigendur félagsins ætluðu þá að byggja gróðrarstöð samkvæmt gildandi skipulagi. Fluttu þeir árið 2011 gamalt niðurnítt hús úr bænum inn á lóðina sem er í rótgrónu íbúðarhverfi. Húsið var gert upp og í júní í fyrra óskuðu fjárfestarnir eftir viðræðum um aðra byggingu úr íslenskum skógarviði undir plöntusölu. Nokkrum mánuðum síðar höfðu áformin breyst og stefnt að 300 íbúðum og að fundin yrði ný staðsetning undir gróðrarstöðina.

„Það er ekki rétt að það hafi orðið vanefndir af okkar hálfu enda höfum við ítrekað óskað eftir því að fá að hefja framkvæmdir og þá upphaflega við gróðurstöð. Fyrir rúmu ári síðan komu hugmyndir frá bænum um að þarna yrði ráðist í umfangsmikla þéttingu íbúðabyggðar,“ segir Ómar R. Valdimarsson, stjórnarmaður í Syðra-Langholti en félagið er meðal annars í eigu Garðlistar og Upphafs fasteignafélags.

„Okkar tillögu var svarað með skætingi og þá reyndum við að halda áfram með upphafleg plön. Lóðarleigusamningurinn er eign okkar og útilokað að við sættum okkur við að bærinn rífi hann af okkur. Ef bærinn býður ekki upp á ásættanleg málalok þá eru dómstólar sá valkostur sem einn stendur eftir og þetta á eftir að kalla yfir bæinn tjón upp á hundruð milljóna.“

**Með hliðsjón af því að ekkert hefur verið gert þarna var þetta niðurstaðan.**



Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar

Samkvæmt samkomulaginu var ekki greitt sérstaklega fyrir lóðina en ársleiga átti að vera 0,35 prósent af fasteignamati lóðarinnar. Í samantekt bæjarlögmanns segir að lítil eða engin hreyfing hafi verið á málum á tímabilinu nóvember 2008 til júlí 2015. Framkvæmdum hafi aftur á móti átt að vera lokið fyrir sumarið 2010.

„Þetta var leigusamningur til 25 ára og það er vel liðið á það tímabil og með hliðsjón af því að ekkert hefur verið gert þarna var þetta niðurstaðan,“ segir Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar.

haraldur@frettabladid.is



# PAKKAVÆNAR BÆKUR
# Á BETRI KJÖRUM!




TILBOÐSVERÐ:
**7.599.-**
Verð áður:
9.599.-

Leitin að klaustrunum




TILBOÐSVERÐ:
**2.999.-**
Verð áður:
3.999.-

Saga Natans Ketilssonar og Skáld-Rósu




TILBOÐSVERÐ:
**4.999.-**
Verð áður:
6.999.-

Þrautgóðir á raunastund




TILBOÐSVERÐ:
**3.999.-**
Verð áður:
5.599.-

Píla pína



NÝR VEFUR!
20.000 bækur! 1.500 pennar og blýantar!
MIKIÐ MAGN AF GJAFAVÖRUM OG HÚSGÖGNUM!
WWW.PENNINN.IS



MUNDU EFTIR GJAFAKORTI
PENNANS EYMUNDSSON!

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 22. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



**Sænsk lögregla á vettvangi.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Þrjú hundruð skotárásir í Svíþjóð á árinu

**SVÍÞJÓÐ** Fjörutíu og einn lét lífið og 135 særðust í rúmlega 300 skotárásum sem gerðar hafa verið í Svíþjóð fram í miðjan desember á þessu ári. Fórnarlömb og gerendur eru oft ungir einstaklingar, að því er kemur fram í fréttatilkynningu frá lögregluyfirvöldum.

Skotárásirnar eiga sér oft stað á götum úti í þéttbýli og tengjast oft uppgjöri vegna fíkniefnaviðskipta. Einnig er um hefndaraðgerðir að ræða. **– ibs**

**41**

**lét lífið í skotárásum í Svíþjóð á árinu sem er að líða.**

## Ungir kjósendur tóku við sér

**SAMFÉLAG** Aukin kosningaþátttaka var í öllum aldurshópum í alþingiskosningum í október, en mest var aukningin á meðal 18-19 ára, eða fyrstu kjósenda. Þar hækkaði hlutfall um 9,5 prósentustig, eða úr 68,7 prósentum árið 2016 í 75,2 prósent árið 2017. Þetta kemur fram í Hagtíðindum Hagstofu Íslands um alþingiskosningarnar 28. október síðastliðin.

Mest var kosningaþátttaka fyrstu kjósenda á höfuðborgarsvæðinu. Talsvert meiri þátttaka var meðal kvenna en karla í þessum aldursflokki, en sem dæmi kusu 82 prósent kvenna á aldrinum 18-19 ára í Reykjavíkurkjördæmi suður en aðeins tæp 74 prósent karla á sama aldri í sama kjördæmi.

Kosningaþátttaka jókst lítillega frá síðustu alþingiskosningum en hefur þó verið svipuð í síðustu þrennum kosningum. Nú var kjörsókn 81,2 prósent á öllu landinu. Fyrir það var kosningaþátttaka meiri, eða í kringum 85 til 87 prósent.

Kosningaþátttaka var meiri á landsbyggðinni en í Reykjavík, en ef allt höfuðborgarsvæðið er borið saman við landsbyggð má sjá svipaða þátttöku, eða nærri 81%. Kosningaþátttaka var mest í Norðausturkjördæmi en minnst í Reykjavíkurkjördæmi norður. **– la**

Dansk julegudstjeneste

holdes i domkirken søndag den 24. december kl. 15.00
ved pastor Þórhallur Heimisson.

Alle velkomne.

Danmarks Ambassade

# Flokkarnir fengið tvo milljarða frá ríkinu frá 2010

**STJÓRNMÁL** Á árunum 2010 til 2016 hefur ríkissjóður veitt rúmlega tvo milljarða króna í framlög til stjórnmálaflokka sem náð hafa kjöri á þing eða að lágmarki 2,5 prósentum atkvæða. Fulltrúar sex stjórnmálaflokka telja að þær 286 milljónir sem flokkarnir átta á þingi áttu að fá á næsta ári séu ekki nóg og hafa óskað eftir 362 milljónum króna í viðbótarframlag á fjárlögum 2018.

> **Það er orðið virkilega þungt að halda úti stjórnmálalífi.**
>
> Einar Gunnar Einarsson, framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins

Fulltrúarnir sex áttu fund með fjárlaganefnd vegna þessa á dögunum en þeir telja að framlögin hafi setið eftir frá árinu 2008. Upphæðin sem flokkarnir, Samfylkingin, Vinstri græn, Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur, Viðreisn og Miðflokkur, telja að þurfi að leiðrétta er reiknuð á grunni vísitöluhækkana frá 2008 og byggir á því að framlögin verði sett á sama stað og þau voru það ár.

„Staða flokka undanfarin ár hefur verið mjög þröng,“ segir Einar Gunnar Einarsson, framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins. „Framlög hafa lækkað ár frá ári og framlagið í dag er rétt um helmingur af því sem það var árið 2008. Þetta er orðið mjög langt tímabil og á sama tíma hefur flokkum fjölgað. Þeir eru 8 á þingi nú, voru 5 árið 2008.“

Framsóknarflokkurinn var annar þeirra flokka sem koma að kröfunni sem skiluðu hagnaði á síðasta ári, eða tæpum 26 milljónum króna. Sjálfstæðisflokkurinn skilaði rúmum 6 milljónum í afgang. Aðrir flokkar sem standa að tillögunni skiluðu nokkru tapi að Miðflokknum undanskildum sem ekki varð til fyrr en í ár. En í hvað færi aukið fjármagn til flokkanna?

„Hjá öllum flokkum þarf að halda úti skrifstofu, flokksstarfi og þjónustu við kjörna fulltrúa. Lýðræði byggist á því að til séu stjórnmálasamtök sem bjóða fram til Alþingis. Það er hlutur af gangverki samfélagsins að stjórnmálaflokkar geti starfað en það er orðið virkilega þungt að halda úti stjórnmálalífi,“ segir Einar Gunnar.

Fréttablaðið tók saman hversu mikið ríkið hefur greitt í þessi framlög til þeirra flokka sem átt hafa rétt á greiðslum úr ríkissjóði á tímabilinu 2010 til 2016. Upphæðin nemur alls 2.057 milljónum króna. Eru þá ótalin framlög sveitarfélaga, einstaklinga og lögaðila á tímabilinu. **– smj**



**Engin starfsemi hefur verið í stórum hluta hússins lengi. Íbúar í Furugrund segja bygginguna og og umhverfi hennar hverfinu til skammar.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Breyta húsinu í fjölbýli í trássi við vilja íbúa í Furugrund

**Til stendur að byggja allt að 12 íbúðir í verslunar- og þjónustuhúsnæði í Snælandshverfi. Íbúar telja sig svikna og segja að samráð við þá hafi verið til að sýnast. Vilja verslun og þjónustu í húsið en leggja til vara fram tillögu til að miðla málum. Sextíu og tveir íbúar í Furugrund hafa skilað athugasemd til bæjarins.**

**SKIPULAGSMÁL** „Það er ekki hægt að segja neinum að reka búð þarna. Á meðan Kópavogsbær vill ekki kaupa þessa eign, þá er þetta erfitt,“ segir Margrét Júlía Rafnsdóttir, bæjarfulltrúi í minnihluta í Kópavogi. Á síðasta fundi skipulagsráðs var lögð fram tillaga að breyttu aðalskipulagi vegna Furugrundar 3, verslunarhúsnæðis sem deilt hefur verið um árum saman.

> **Það er ekki hægt að segja neinum að reka búð þarna.**
>
> Margrét Júlía Rafnsdóttir, bæjarfulltrúi Vinstri grænna í Kópavogi



Tillagan miðar að því að reiturinn sem húsið stendur á, þar sem áður var meðal annars Snæland video og verslun Nóatúns, verði skilgreindur sem íbúðarsvæði en ekki verslunar- og þjónustusvæði. „Breyta á núverandi húsnæði að Furugrund 3 þannig að byggð verður hæð ofan á núverandi hús. Eftir breytinguna verður húsið að Furugrund 3 um 1.800 fermetrar að samanlögðum gólffleti með allt að 12 íbúðum,“ segir í tillögunni. Í kjallaranum, þriðjungi hússins, verður þó verslun- og þjónusta, ásamt geymslum.

Fram kemur að verslunarstarfsemi í húsinu hafi dregist saman á undanförnum árum og viðskiptin hafi færst á önnur verslunar- og þjónustusvæði, svo sem við Nýbýlaveg. Lóðin var seld árið 2014 og hugðust kaupendur byggja 32 íbúða hótel á henni. Þær fyrirætlanir féllu í grýttan jarðveg hjá íbúum hverfisins.

Fréttablaðið hefur rætt við fjöldann allan af íbúum á svæðinu en þeir hafa undanfarin ár haldið á lofti háværum andmælum gegn því að verslunarhúsinu verði breytt í íbúðir. Á þeim mörgum má heyra að þá hafi brostið þrótt til að berjast í málinu. Meirihluti bæjarstjórnar hafi engan áhuga á að mæta óskum íbúa og við ofurefli væri að etja. Samráð við þá hafi verið til að sýnast.

Þrír óskyldir viðmælendur höfðu með einum eða öðrum hætti á orði við blaðamann að íbúar á svæðinu litu á Furugrund 3 sem kosningamál næsta vor, þegar kosið verður til bæjarstjórnar. Fulltrúar meirihlutans gætu ekki vænst mikils stuðnings úr hverfinu.

Helga Jónsdóttir er íbúi í Furugrund 62 en er jafnframt skólastjóri Leikskólans Furugrundar. Bílastæði leikskólans skilur húsnæði leikskólans og Furugrundar 3 að. Hún segir að bílastæðavandi sé viðvarandi umhverfis leikskólann og að 12 íbúðir væru síst til þess fallnar að greiða úr þeim vanda.

Hún er á meðal þeirra íbúa í Furugrund 62 sem sendu athugasemd til skipulagsráðs vegna tillögu bæjarins um breytingu á aðalskipulagi. Í henni kemur fram að húsnæðið myndi þjóna íbúum hverfisins best sem verslunar- og þjónustuhúsnæði. Þá hafi breyting á húsnæðinu í för með sér grundvallarbreytingar á útsýni íbúa.

Í athugasemdinni er bent á að 14 númerslausir og skemmdir bílar standi á lóðinni við Furugrund 3 og að umgengni eiganda hússins sé „fyrir neðan öll velsæmismörk“. Lóðin sé full af drasli hringinn í kring um bygginguna. Gróðri hafi ekki verið sinnt síðan 2008. „Byggingin og umhverfi hennar er hverfinu okkar til skammar og það útlit sem blasir þarna við bæði gestum og gangandi er ekki boðlegt.“

Lagt er til í athugasemdinni að byggðar verði færri og stærri íbúðir, til að mæta þeim skorti á stærri íbúðum sem viðvarandi er í hverfinu. Nánast ómögulegt sé fyrir stækkandi fjölskyldur að stækka við sig innan hverfis.

Í sama streng tekur Margrét Júlía, sem lét á fundi skipulagsráðs bóka að mikil óánægja væri á meðal íbúa í nágrenninu vegna fyrirhugaðra breytinga. Fjöldi undirskrifta og athugasemda hefðu borist bænum. Hún leggur líka til að færri íbúðir verði í húsinu, en að þær verði þriggja til fjögurra herbergja. Þá verði húsið ekki hækkað. „Mikilvægt er að gefa fjölskyldum kost á að halda sig innan skólahverfa við flutning, til að raska sem minnst högum barnanna. Því legg ég til að í Furugrund 3 komi 4ra herbergja íbúðir,“ bókaði hún. Margrét segir að gera megi ráð fyrir að málið komi til kasta bæjarstjórnar í janúar. **baldur@frettabladid.is**

KRÓNAN



GLEÐILEG JÓL

# Opið til 22 í kvöld

*Opið til 20 á Reyðarfirði og Vestmannaeyjum



**Psssst ...**

Flestir koma á aðfangadag til að kaupa malt & appelsín.

**Átt þú nóg?**

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# Mjanmarskur hershöfðingi á svarta listann og eignir hans frystar

**BANDARÍKIN** Ríkisstjórn Bandaríkjanna tók í gær ákvörðun um að frysta eignir þrettán einstaklinga sem grunaðir eru um alvarleg mannréttindabrot og spillingu.

Einna mesta athygli vakti nafn mjanmarska hershöfðingjans Maung Maung Soe á listanum. Í tilkynningu frá bandaríska fjármálaráðuneytinu segir að Soe hafi haft yfirumsjón með aðgerðum hersins gegn Róhingjum í Rakhine-héraði. Hann beri ábyrgð á alvarlegum mannréttindabrotum gegn Róhingjum.

Bandaríkjamenn hafa áður sagt mjanmarska herinn standa að þjóðernishreinsunum á Róhingjum. Þeir drepi saklausa borgara og brenni bæi Róhingja til grunna. Því hafa mjanmörsk yfirvöld þó neitað.

> Hershöfðinginn var sagður standa að þjóðernishreinsunum á Róhingjum í Rakhine-héraði Mjanmar.

Á meðal annarra sem fá sömu meðferð og Soe eru fyrrverandi Gambíuforsetinn Yahya Jammeh. Hann steig til hliðar fyrr á árinu og segir í tilkynningunni að hann eigi sér „langa sögu alvarlegra mannréttindabrota og spillingar“. Jammeh hafi stofnað hryðjuverka- og dauðasveitir sem hafi ráðist á þá sem hann taldi ógna valdi sínu.

Þá hafa eignir pakistanska skurðlæknisins Mukhtar Hamid Shah verið frystar. Læknirinn er sagður hafa framið mannrán, haldið fórnarlömbum gegn vilja sínum, fjarlægt líffæri þeirra og selt á svörtum markaði.

Gulnara Karimova, dóttir úsbekska leiðtogans fyrrverandi, Islams Karimov, er einnig á listanum. Hún er sögð hafa verið í forsvari fyrir skipulögðum glæpasamtökum sem mútuðu og hótuðu kjörnum fulltrúum. Karimova hefur áður verið sakfelld fyrir þjófnað, fjárdrátt og skattsvik. **– þea**

## Ferju hvolfdi með 251 farþega innanborðs

**FILIPPSEYJAR** Ferju með 251 farþega innanborðs hvolfdi við austurströnd Filippseyja í gær. Í tilkynningu frá landhelgisgæslunni þar í landi segir að sjómenn og bátar björgunarsveita hafi náð að bjarga flestum. Fjórir hafi hins vegar látist og sjö sé enn saknað.

Að sögn farþega olli mikil ölduhæð og snarpur vindur því að ferjan tók inn á sig sjó skammt frá eyjunni Polillo og sökk. Veðrið og ölduhæð hafi jafnframt hamlað björgunarstarfi.

Slys sem þessi eru nokkuð algeng á Filippseyjum þar sem stormar herja reglulega á eyjaskeggja. Í dag er til að mynda búist við því að hitabeltisstormurinn Tembin gangi þar á land. Hefur fólki verið ráðlagt að halda sig heima eða leggja snemma af stað heim fyrir jólin. **– þea**

## Lögðu hald á lyf fyrir 29 milljarða

**ERLENT** Lögreglu-, tolla- og heilbrigðisyfirvöld í níu Evrópulöndum hafa lagt hald á 75 milljón töflur af lyfseðilsskyldum lyfjum og handtekið 111 manns.

Þetta var gert í umfangsmestu aðgerð sem ráðist hefur verið í í Evrópu vegna ólöglegra viðskipta með læknadóp.

Um var að ræða samstarfsverkefni, stýrt af Europol, milli yfirvalda í Frakklandi, Finnlandi, Rúmeníu, Ungverjalandi, Grikklandi, á Spáni, Ítalíu, Bretlandi og Írlandi. Verðmæti lyfjanna er metið á tæpa 29 milljarða íslenskra króna.

Ráðist var í 205 sjálfstæðar rannsóknir innan verkefnisins, sem gekk undir nafninu MISMED, en 277 manns sættu rannsókn.

Um var að ræða róandi lyf, svefnlyf, ópíóðalyf og lyf við ofvirkni og athyglisbresti. **– bg**

# Bandaríkin munu ekki gleyma

**Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ályktaði gegn ákvörðun Bandaríkjaforseta um sendiráðsflutninga til Jerúsalem. Bandaríkjamenn hóta því að skera á fjárstuðning og Ísraelar segja þingið lygasamkundu.**

**BANDARÍKIN** Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti í gær ályktun um að engar ákvarðanir um stöðu Jerúsalem skuli hafa lagalegt gildi og að þær bæri að fella tafarlaust úr gildi. 128 ríki, Ísland þar á meðal, greiddu atkvæði með tillögunni. Hjá sátu 35 ríki en níu greiddu atkvæði á móti.

Tyrkir og Jemenar stóðu að tillögunni. Ekki er minnst á Bandaríkin með beinum hætti í texta hennar en augljóst er að tillagan snýst um þá ákvörðun Donalds Trump Bandaríkjaforseta að færa sendiráð Bandaríkjanna í Ísrael frá Tel Avív til Jerúsalem. Með þeim flutningum felst viðurkenning á því að Jerúsalem sé höfuðborg Ísraelsríkis.

„Bandaríkin munu ekki gleyma þessum degi þegar ráðist var gegn okkur á sviði allsherjarþingsins fyrir það eitt að nýta sjálfsákvörðunarréttindi okkar sem sjálfstæð þjóð,“ sagði Nikki Haley, sendiherra Bandaríkjanna hjá SÞ. Sagði hún að Bandaríkin myndu samt sem áður færa sendiráð sitt, það væri vilji þjóðarinnar og engin atkvæðagreiðsla SÞ myndi breyta því.

Fyrir atkvæðagreiðsluna hótaði Trump því að skera á fjárhagsaðstoð til þeirra ríkja sem greiddu atkvæði gegn sér. „Þeir taka við hundruðum milljóna, jafnvel milljörðum dala, og greiða síðan atkvæði gegn okkur. Ég get sagt ykkur það að við fylgjumst með þessari atkvæðagreiðslu. Leyfið þeim bara að greiða atkvæði gegn okkur. Við munum spara helling. Okkur er alveg sama.“

Ísraelar voru einnig ósáttir við atkvæðagreiðslu gærdagsins. „Það er til háborinnar skammar að þessi fundur eigi sér yfirhöfuð stað. Jerúsalem er höfuðborg Ísraels. Punktur. Það er staðreynd sem er ekki hægt að breyta,“ sagði Danny Danon, sendiherra Ísraels hjá SÞ.

Bætti Danon því við að samþykktin myndi enda á öskuhaugum sögunnar. „Ég velkist ekki í vafa um það að sá



Riyad Mansour, áheyrnarfulltrúi Palestínu, gengur fram hjá Nikki Haley, sendiherra Bandaríkjanna, í þingsal. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> Sagan skráir niður nöfn, hún man nöfn þeirra sem stóðu með réttlætinu og þeirra sem ljúga.



Riyad al-Maliki, utanríkisráðherra Palestínu

> Bandaríkin munu ekki gleyma þessum degi þegar ráðist var gegn okkur á sviði allsherjarþingsins.



Nikki Haley, sendiherra Bandaríkjanna hjá SÞ

dagur muni renna upp að alþjóðasamfélagið allt átti sig á því að Jerúsalem sé eilíf höfuðborg Ísraelsríkis.“

Forsætisráðherrann Benjamin Netanjahú tjáði sig áður en atkvæðagreiðslan fór fram. Sagði hann að Ísraelar myndu hafna niðurstöðunni og kallaði allsherjarþingið „lygasamkundu“.

Palestínumenn voru öllu sáttari við atkvæðagreiðsluna. Riyad al-Maliki utanríkisráðherra sagði að ákvörðun Bandaríkjanna þjónaði nýlendustefnuhagsmunum Ísraela og kynti undir öfgum og hryðjuverkastarfsemi.

„Sagan skráir niður nöfn, hún man nöfn þeirra sem stóðu með réttlætinu og þeirra sem ljúga. Í dag leitum við eftir friði og réttlæti,“ sagði Maliki og fagnaði því að SÞ hefðu ekki látið „hótanir og kúgun“ Bandaríkjaforseta hafa áhrif á sig.

Þótt Ísraelar hafi litið á borgina sem formlega höfuðborg sína frá árinu 1980 er hún almennt ekki viðurkennd sem höfuðborg Ísraels. Palestínumenn gera tilkall til austurhluta borgarinnar og líta á hann sem framtíðarhöfuðborg Palestínu.

Með gerð Óslóarsáttmálans árið 1993 var samþykkt að lokaniðurstaðan um hvernig skipta skyldi Jerúsalem, eða ekki, yrði rædd í framtíðinni. Með því að viðurkenna nú alla Jerúsalem sem höfuðborg Ísraels þykir Trump Bandaríkjaforseti því vera að slá vopnin úr höndum Palestínumanna og gæti þessi ákvörðun sett strik í reikninginn þegar kemur að hinni svokölluðu tveggja ríkja lausn.

**thorgnyr@frettabladid.is**





# Gleðilega hátíð

Frá flugvöllum og starfsstöðvum um land allt óskar starfsfólk Isavia þér gleðilegra jóla og farsældar á ferðalögum komandi árs.

isavia

## ERLENDAR FRÉTTIR ÁRSINS 2017

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is

# Ár Trumps, hamfara og barráttufólks

**Fréttablaðið tók saman það helsta sem gerðist í heimsmálunum á árinu. Hamfarir, nýr Bandaríkjaforseti, hernaður og kosningar voru þar einna efst á baugi. Tvær þjóðir börðust af hörku fyrir sjálfstæði og konur rufu þögnina.**

### Hamfarir

Árið sem er að líða markaðist að miklu leyti af náttúruhamförum. Allt frá jarðskjálftum til aurskriða, eldgosum til fellibylja.

Einna mest var fjallað um fellibyljina sem skóku ríki Norður- og Mið-Ameríku. Harvey var fyrstur í röðinni og komu Texas og Louisiana í Bandaríkjunum einna verst út úr óveðrinu sem skall á í ágústlok. Alls er talið að 91 hafi farist af völdum Harveys, þar af 90 í Bandaríkjunum og einn í Gvæjana. Tjónið er metið 21 billjón íslenskra króna.

Um leið og Harvey hafði gengið yfir skall Irma á eyjum Karíbahafsins og síðan Flórída. Hún kostaði 134 lífið og olli 7 billjóna króna tjóni. Harmleikurinn var þó ekki á enda því um miðjan septembermánuð reið Maria yfir Karíbahafseyjar áður en hún hélt til Bandaríkjanna og þaðan til Evrópu sem hitabeltisstormur. Irma var langmannskæðust þessara fellibylja og fórust á sjötta hundrað í hamförunum. Tjónið var metið á um 11 billjónir króna.

Fellibylurinn Katia skall á Mexíkó í sama mánuði. Hún var þó umfangsminni en kostaði þrjá lífið. Einungis nokkrum dögum eftir að hún hafði riðið yfir skók öflugasti jarðskjálfti í sögu Mexíkó landið. Skjálftinn var 7,1 stig og kostaði um 370 lífið. Sama dag árið 1985, þann 19. september, fórust 10.000 í jarðskjálfta í Mexíkó.

Aurskriða féll í Kólumbíu í apríl sem kostaði að minnsta kosti 200 lífið. Þá urðu einnig aurskriður í Síerra Leóne í ágúst sem urðu 312 að fjörtjóni.

Einna mannskæðustu náttúruhamfarirnar voru ef til vill monsúnflóðin sem ollu dauða 1.200 hið minnsta í Bangladess, Nepal og á Indlandi í sumar. Flóðin hröktu 45 milljónir frá heimilum sínum. Samkvæmt UNICEF var um þriðjungur þeirra á barnsaldri.

### Trump

Fyrsta ár Donalds Trump á forsetastóli í Bandaríkjunum var skrautlegt. Hinn umdeildi forseti hefur oftar en ekki fangað athygli heimspressunnar. Árið hefur einkennst af rannsókn Alríkislögreglunnar á tengslum hans við Rússa og afskiptum Rússa af forsetakosningunum og deilunum við Norður-Kóreu.

Rússarannsóknin hefur komið Trump í einna mest klandur. Ákvörðun hans í maí um að reka James Comey úr framkvæmdastjórastöðu FBI var umdeild. Robert Mueller tók við rannsókninni sem sérstakur saksóknari stuttu seinna. Þá þurfti þjóðaröryggisráðgjafinn Mike Flynn að segja af sér eftir að hafa leynt fundum með rússneska sendiherranum. Hann hefur, ásamt fyrrverandi kosningastjóranum Paul Manafort, verið ákærður.

Vegna fjölda eldflaugatilrauna og kjarnorkutilrauna Norður-Kóreustjórnar hefur Trump og einræðisherranum Kim Jong-un lent saman. Hefur Trump uppnefnt hann „eldflaugamanninn“ og hótað að rigna muni eldi og brennisteini. Kim hótaði á móti að ráðast á Gvam og þurftu eyjarskeggjar þar að vera viðbúnir því versta. Þá kallaði Kim Bandaríkjaforseta jafnframt „elliæran geðsjúkling“.

Ýmis önnur mál hafa sett svip sinn á árið hans Trumps. Til þess að telja þau öll upp þyrfti ef til vill fleiri en eitt tölublað. Nýlega hefur ákvörðun hans um að viðurkenna Jerúsalem sem höfuðborg Ísraels vakið reiði. Þá hefur hann einnig dregið Bandaríkin út úr Parísarsamkomulaginu, sagt að ekki þurfi að herða byssulöggjöf í kjölfar versta fjöldamorðs seinni tíma og sakað Barack Obama, fyrrverandi forseta, um að hafa hlerað samskipti sín.

### #MeToo

Konur rufu þögnina og skóku skemmtanabransann og stjórnmálin vestanhafs, sem og víðar, þegar þær greindu frá kynferðisofbeldi og kynferðislegri áreitni af hálfu valdamikilla karlmanna og samstarfsmanna sinna. Málið vakti svo mikla athygli að þau sem rufu þögnina voru útnefnd persóna ársins hjá Time.

Ljóst er að lengi hafði þessi bylting kraumað undir yfirborðinu en með umfjöllun The New York Times um brot Harveys Weinstein kvikmyndaframleiðanda opnuðust flóðgáttirnar. Leikarar á borð við Kevin Spacey og Louis C.K. voru sakaðir um kynferðislega áreitni og ofbeldi.

Þá má nefna stjórnmálamenn á borð við Demókratann Al Franken, sem sagði af sér öldungadeildarþingsæti vegna ásakananna, og Roy Moore, frambjóðanda Repúblikana í Alabama til öldungadeildar þingsins, sem ef til vill tapaði kosningum vegna ásakana kvenna sem voru undir átján ára aldri þegar brotin eiga að hafa átt sér stað. Eldri ásakanir gegn Trump voru rifjaðar upp.

Byltingin var þó ekki bundin við Bandaríkin. Lýsti gífurlegur fjöldi kvenna úr öllum stéttum samfélagsins brotum gegn sér.

Myllumerkið #MeToo varð einkennismerki og heiti byltingarinnar. Það er úr smiðju aktívistans Tarana Burke en hún hefur notað merkið í áratug. Í kjölfar frétta af máli Weinsteins birti leikkonan Alyssa Milano myllumerkið sem er nú alþekkt.

### Sjálfstæði

Sjálfstæðisbarátta tveggja þjóða harðnaði á árinu. Kúrdar og Katalónar samþykktu að lýsa yfir sjálfstæði í umdeildum kosningum.

Katalónar gengu til kosninga þann 1. október eftir að dómstólar á Spáni höfðu úrskurðað að kosningarnar yrðu ólöglegar og ríkisstjórn Spánar krafist þess að þær yrðu ekki haldnar. Lögregla beitti mikilli hörku á kjördag og sambandssinnar sniðgengu kosningarnar sem skiluðu jákvæðri niðurstöðu.

Við tók mikið fár og var um tíma óljóst hvort Katalónar hefðu lýst yfir sjálfstæði. Það gerði Carles Puigdemont, þáverandi héraðsforseti, þann 27. október. Rajoy forsætisráðherra leysti í kjölfarið upp þing, rak héraðsstjórnina og ríkissaksóknari ákærði alla ráðherra hennar.

Kúrdar í Íraska Kúrdistan gengu til kosninga um sjálfstæði í septemberlok og samþykktu með yfirgnæfandi meirihluta að lýsa yfir sjálfstæði. Írakar álíta kosningarnar ólöglegar og hafa ekki viljað ræða við Kúrda um stofnun sjálfstæðs ríkis þeirra.




**Fellibylurinn Harvey olli miklum flóðum í Houston.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Ofbeldi lögreglumanna á kjördag í Katalóníu þótti yfirdrifið. Þessir stúdentar mótmæltu aðgerðum lögreglu daginn eftir kjördag.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




**Þau sem rufu þögnina í #MeToo-byltingunni voru persóna ársins hjá Time.** NORDICPHOTOS/AFP



**Líklega hefur ekki verið meira fjallað um neinn mann en Donald Trump Bandaríkjaforseta á árinu.** NORDICPHOTOS/AFP


Öll Jól
- SÍÐAN 1952 -


ora
MAÍSKORN
420
ora
GRÆNAR BAUNIR
420 g
ora
RAUÐKÁL
450 g

# ERLENDAR FRÉTTIR ÁRSINS 2017



Robert Mugabe hrökklaðist af forsetastóli í Simbabve eftir áratugalanga setu. Hinn útlægi Emmerson Mnangagwa tók við. NORDICPHOTOS/AFP

Angela Merkel Þýskalandskanslari er enn í lykilstöðu eftir kosningar þar í landi. Hér svalar hún þorstanum í kosningabaráttunni með einum köldum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**Lýðræðið**

Gengið var til kosninga víða um heim. Kosningar í Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Austurríki, Japan og Kenýa voru að mörgu leyti sögulegar.

Í Afríku varð uppi fótur og fit þegar hæstiréttur Kenýa ógilti forsetakosningar ágústmánaðar þar sem Raila Odinga laut í lægra haldi fyrir sitjandi forseta, Uhuru Kenyatta. Kosið var á ný í október en þar sem Odinga þótti ekki hafa verið gerðar nægilegar úrbætur á kosningakerfinu bauð hann sig ekki fram á ný. Kenyatta fékk yfirburðakosningu.

Tvær af valdamestu þjóðum Asíu gengu til kosninga. Ram Nath Kovind úr ríkisstjórnarflokkinum BJP varð forseti í Indlandi. Þá tryggði Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans, sér áframhaldandi meirihluta næstu árin.

Hvergi var þó kosið jafnvíða og í Evrópu. Í mars varð Frelsisflokkur Geerts Wilders, þjóðernishyggjumanns sem ákærður hefur verið fyrir hatursorðræðu, næststærsti flokkur Hollands. Eftir 208 daga af stjórnarkreppu mynduðu fjórir flokkar ríkisstjórn og var Frelsisflokkurinn ekki í hópi þeirra.

Í apríl varð Aleksandar Vucic, frambjóðandi Framsóknarflokksins í Serbíu, kjörinn forseti með meirihluta atkvæða.

Þá varð Emmanuel Macron, frambjóðandi hins nýja flokks En Marche, forseti Frakklands eftir að hafa unnið yfirburðasigur á þjóðernishyggjukonunni Marine Le Pen. Nokkru síðar gengu Frakkar til þingkosninga og fékk flokkur Macrons meirihluta á þinginu.

Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, reyndi að treysta meirihluta sinn og reiddi sig á gott gengi í skoðanakönnunum þegar hún boðaði óvænt til kosninga í júní. Svo fór að Íhaldsflokkurinn tapaði sínum hreina meirihluta og reiðir sig nú á stuðning hins norðurírska DUP til að stýra Bretlandi.

Frændur okkar í Noregi gengu til kosninga í september og fékk Verkamannaflokkurinn undir forystu Jonas Gahr Støre flest sæti. Erna Solberg úr Íhaldsflokknum hefur reynt að mynda ríkisstjórn, og reynir enn, en án árangurs.

Kristilegir demókratar í Þýskalandi fengu flest sæti í kosningum septembermánaðar. Ekki hefur enn tekist að mynda stjórn þar í landi. Stjórn hefur hins vegar verið mynduð í Austurríki þar sem hinn 31 árs gamli Sebastian Kurz fer með forsætisráðuneytið. Sú stjórn er mynduð af Þjóðarflokknum og Frelsisflokknum sem báðir eru hallir undir þjóðernishyggju.



Konur í hersveitum uppreisnarmanna í Sýrlandi fögnuðu innilega og minntust hinna föllnu þegar þær unnu Rakka af hryðjuverkasamtökunum Íslamska ríkinu. Samtökin töpuðu einnig höfuðvígi sínu í Írak, Mósúl. NORDICPHOTOS/AFP

**Sviptingar í Afríku**

Árið gekk illa hjá tveimur af valdamestu mönnum Afríku. Forseti Simbabve þurfti að segja af sér og forseti Suður-Afríku er á útleið.

Nóvembermánuður varð Robert Mugabe, þáverandi forseta Simbabve, erfiður. Þann 6. nóvember ákvað Mugabe að reka varaforseta sinn, Emmerson Mnangagwa. Studdi hann þar með forsetafrúna Grace Mugabe í baráttunni um að taka við af sér.

Rúmri viku síðar tók herinn völdin í landinu og hneppti Mugabe í stofufangelsi. Sá sagði loks af sér og enginn annar en Mnangagwa sjálfur tók við.

Eftir fjölda ásakana um spillingu var Jacob Zuma, forseta Suður-Afríku, steypt af stóli sem leiðtoga flokks síns, Afríska þjóðarráðsins, fyrr í vikunni. Hann verður ekki í framboði í forsetakosningum næsta árs.

**Stríð og ofsóknir**

Enn deyja þúsundir í stríði víðs vegar í Mið-Austurlöndum. Hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við Íslamskt ríki eru á undanhaldi og ríkisstjórnarherinn í Sýrlandi beitti efnavopnum.

Þann 4. apríl gerði ríkisstjórnarher Bashars al-Assad Sýrlandsforseta efnavopnaárás á bæinn Khan Sheikhoun. Assad-liðar neituðu því að um efnavopnaárás hefði verið að ræða en Sameinuðu þjóðirnar eru því ósammála. Rúmlega hundrað almennir borgarar fórust í árásinni og þremur dögum síðar skaut Bandaríkjaher 59 eldflaugum á flugstöðina þaðan sem árásin var trúlega gerð.

Að öðru leyti hefur Assad fagnað sigrum á árinu í samstarfi við Rússa. Hefur hann lýst því yfir að liðsmenn ISIS séu nú á flótta eftir að þeir misstu síðasta stóra vígi sitt í Sýrlandi, Rakka.

ISIS missti einnig írakskt höfuðvígi sitt, Mósúl, í hendur Íraksstjórnar. Ljóst er að kalífadæmið er á enda en hryðjuverkaárásir vígamanna ISIS ekki.

Sú sem mest var fjallað um á árinu var trúlega árás Salman Ramadan Abedi, sem ISIS-liðar segja hermann sinn, á tónleika Ariönu Grande í Manchester. Drap hann þar 22, þar af allnokkur börn.

Borgarastyrjöld ríkir enn í Jemen og hafa uppreisnarmennirnir Hútar í tvígang undanfarið skotið eldflaugum í átt að sádiarabísku höfuðborginni Riyadh. Sádi-Arabar eiga í köldu stríði við Írana en þeir styðja Húta í Jemen.

Þá hafa yfirvöld í Mjanmar verið sökuð um að fremja þjóðernishreinsanir, jafnvel þjóðarmorð, á Róhingjum í Rakhine-héraði landsins. Frá því átök brutust út í ágúst hafa hundruð þúsunda flúið til Bangladess.

# GLEÐILEG JÓL!

## BETRI VERÐ BETRI VARA

**JÓLA HAMBORGARHRYGGUR**
AÐEINS 1.385.- KG

**JÓLA JARÐARBER**
298.- ASKJAN

**JÓLA KIRSUBER**
298.- ASKJAN

**HANGIKJÖT NIÐURSAGAÐUR FRAMPARTUR**
985.- KG

**NÝR SVÍNABÓGUR**
685.- KG

**JÓLA HANGILÆRI ÚRBEINAÐ**
AÐEINS 2.480.- KG

**JÓLA HANGIFRAMPARTUR ÚRBEINAÐUR**
AÐEINS 1.895.- KG.

**KALKÚNABRINGUR** 1.485.- KG

NÝ SENDING
REMA1000
ÓDÝR GÓÐ VARA

**JÓLA TÚLIPANAR**
1.675.- BÚNTIÐ

## OPIÐ AÐFANGADAG TIL KL. 17

# VÍÐIR

GARÐATORGI, HRINGBRAUT
SKEIFUNNI & BORGARTÚNI

FRÉTTABLAÐIÐ
# SKOÐUN

## Aðhaldsleysi



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Fjórða árið í röð munu ríkisfjármál auka þenslu í hagkerfinu. Frumvarp fjármálaráðherra til fjárlaga, sem gerir ráð fyrir nokkru minna aðhaldi en áður var stefnt að, er nú til umræðu í fjárlaganefnd. Eina sem þar er hægt að slá föstu er að ríkisútgjöldin eiga eftir að aukast í meðförum þingsins. Og útgjaldaaukningin verður enn meiri eftir samþykkt fjárlaga og þangað til ríkisreikningur lítur dagsins ljós um ári síðar. Þannig hefur það verið samfleytt í 22 ár.

Lausatök í ríkisfjármálum eru því ekki ný af nálinni. Þá hefði annars konar stjórnarmynstur eftir nýafstaðnar kosningar líklega aðeins þýtt enn meiri þrýsting til útgjaldaaukningar. Gagnrýni á fjárlagafrumvarpið beinist sjaldan að því að aðhaldið í ríkisfjármálum sé ekki nægjanlega mikið á uppgangstímum. Þess í stað er stjórnin gagnrýnd fyrir að auka útgjöldin ekki enn frekar sem megi fjármagna, að mati sumra flokka, með því að hækka skatta, eða „styrkja og breikka tekjustofna ríkisins“ eins og það er kallað. Fáum dettur í hug að koma fram með hugmyndir um hvernig megi nýta betur skattfé landsmanna með forgangsröðun og hagræðingu þrátt fyrir að skattheimta sé óvíða hærri en á Íslandi.

Bundnar hafa verið vonir við að lög um opinber fjármál muni auka festu og fyrirsjáanleika í ríkisfjármálum. Útgjaldaþróunin á þessu ári, sem var 25 milljörðum meiri en í fjárlögum, sýnir hins vegar að lögin hafa enn ekki skilað tilætluðum árangri, að mati Ríkisendurskoðunar. Ráðuneyti biðji fremur um auknar fjárheimildir fyrir umframútgjöld í stað þess að spara og hagræða. Þetta kemur auðvitað engum á óvart. Það heyrir til undantekninga að stofnunum hins opinbera séu settar strangar skorður þegar kemur að nýtingu fjármagns. Sífelld framúrkeyrsla, á sama tíma og það er stöðug raunaukning í ríkisútgjöldum ár eftir ár, er eitraður kokteill sem getur ekki farið vel. Núverandi hagvaxtarskeið mun taka enda. Þá mun hinn litli fjárlagaafgangur fljótt snúast upp í halla og skuldasöfnun ríkisins eykst á nýjan leik.

Regluleg útgjöld ríkisins jukust um meira en fjórðung á árunum 2012 til 2016 og fóru þau hlutfallslega mest til heilbrigðis- og menntamála. Ásgeir Jónsson hagfræðingur sagði í útvarpsþættinum Sprengisandi um liðna helgi að aukin útgjöld til ákveðinna málaflokka væru ekki sjálfkrafa besti mælikvarðinn á árangur. „Það virðist vera eini mælikvarðinn á opinbera þjónustu hversu miklum peningum er varið í hana. Og það er ekki góður mælikvarði. Að sama skapi virðast verkalýðsfélög þess fólks sem vinnur í heilbrigðis- og menntakerfinu einoka umræðu um hvernig þessi kerfi eiga að vera rekin. […] Ríkið þarf að setja miklu meiri kröfur um skýra árangursmælikvarða á þá fjármuni sem er varið til menntunar, heilbrigðismála og annarra hluta þannig að við séum að fá eitthvað fyrir peninginn.“

Undir þetta skal tekið. Þessar áherslur eru hins vegar ekki að finna í fjárlagafrumvarpinu heldur verður haldið áfram á braut þensluhvetjandi ríkisfjármála í miðri uppsveiflu með þekktum afleiðingum.

**Það virðist vera eini mælikvarðinn á opinbera þjónustu hversu miklum peningum er varið í hana.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Verðbólga í stjörnugjöf**

**Stjörnum hefur rignt yfir fjölda bóka sem busla í jólaflóðinu. Verðbólgan er slík að Rúnar Helgi Vignisson, rithöfundur og kennari í ritlist við Háskóla Íslands, klórar sér í höfðinu á Facebook. „Ef marka má stjörnugjöf fjölmiðla eru nú á meðal okkar rithöfundar sem hafa komist að því leyndarmáli eigi að setja saman hina fullkomnu bók. Svo er að sjá sem Íslendingar skrifi jafnvel betri bækur en erlendir verðlaunahöfundar, Nóbelsskáld þar með talin.“**

**Skjaldborg um Hannes**

**Nemendur í stjórnmálafræði hafa sótt hart að Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni prófessor, fyrir kenningar sem hann boðar þeim. Hannes stendur þó ekki einn og tveir fyrrverandi nemendur hans hafa stigið fram honum til varnar. Ásdís Halla Bragadóttir, fyrrverandi bæjarstjóri Garðabæjar, segir á Facebook að meðal kosta Hannesar sé að hann leyni aldrei skoðunum sínum og hvetji til rökræðna. Nemendur ættu því að sækja námskeið hans þótt ekki væri nema „til þess að æfa sig í rökræðum“. Útvarpsmaðurinn Frosti Logason gefur ekkert eftir og segir þá „hugleysingja“ sem ekki þori að taka slaginn við Hannes öðruvísi en með því að reyna að fá hann rekinn.**

**thorarinn@frettabladid.is**

## Oss börn eru fædd



Guðjón S. Brjánsson
alþingismaður

Það er við hæfi nú fyrir jólahátíðina, sem oft er líka nefnd fæðingarhátíð frelsarans, að vekja athygli á aðbúnaði fæðandi kvenna á Íslandi.

Að mörgu leyti eru aðstæður framúrskarandi á alþjóðlega vísu. Við eigum vel þjálfað fagfólk og mæðra- og ungbarnavernd almennt vel skipulögð. Frávikin er þó sláandi. Konur á landsbyggðinni búa við mjög skerta þjónustu að þessu leyti. Undanhaldið hefur verið stöðugt og enginn viðsnúningur í augsýn. Í nokkrum byggðarlögum er enga ljósmæðraþjónustu að hafa og meðgöngueftirlit veitt með afbrigðum. Einungis þrjár heilbrigðisstofnanir í landinu hafa nú viðbúnað til að bregðast við bráðakeisaraskurðum.

Þessar aðstæður eru ekki upp komnar vegna stefnu stjórnvalda, heldur miklu fremur stefnuleysis. Samfellt fjársvelti hefur knúið heilbrigðisstofnanir til margháttaðra þjónustuskerðinga. Umgjörðin hefur veikst og ekkert komið í staðinn. Ung kona á Patreksfirði, í Vestmannaeyjum eða í Neskaupstað sem þarf eftirlit á meðgöngu gengst undir mikið aukalegt álag. Hún þarf að taka sig upp og flytjast að heiman, jafnvel nokkrum vikum fyrir fæðingu, og dvelja fjarri heimabyggð. Og það er ekki bara um að ræða hina fæðandi konu. Hluti fjölskyldunnar er líka makinn og jafnvel annað ungt barn sem mikilvægt er að fái að taka þátt í þessum einstaka viðburði, þegar nýtt barn kemur í heiminn.

Þegar komið er á væntanlegan fæðingarstað tekur síðan ekki við neinn formlegur viðbúnaður og eins víst að dyr séu lokaðar þegar koma þarf fjölskyldunni fyrir, að það fari fyrir þeim líkt og Jósep og Maríu forðum.

Lítill fjárhagslegur stuðningur er í boði. Um leið og krafa íbúanna er sú að góð mæðraþjónusta sé veitt í nærsamfélaginu, þá er líka nauðsynlegt að fjölskyldur sem þurfa að dvelja fjarri heimahögum í tengslum við fæðingu og aðra heilbrigðisþjónustu búi við sæmilega aðstöðu og þeim verði gert það fjárhagslega kleift. Stjórnvöld þurfa að bregðast við og ný heilbrigðisstefna verður að taka mið af þessum þörfum.

**Samfellt fjársvelti hefur knúið heilbrigðisstofnanir til margháttaðra þjónustuskerðinga.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálssson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Jólapistill

## Í DAG

Bergur Ebbi

Eru ekki allir komnir í jólaskap? Þessi pistill birtist 22. desember og hann verður eiginlega að vera um jólin. Þannig er það bara. Það væri hálf skrítið að skrifa um fjárlagafrumvarpið eða samfélagsmiðlabyltingar núna. Ég er líka að skrifa sjálfan mig í jólaskap. Maður getur nefnilega vel skrifað sig í tiltekið skap. Sumir skrifa jólakort til vina og ættingja. Svo er líka bara hægt að taka fram stílabók og skrifa jól, jól, jól, jól í nokkrar klukkustundir og þá ætti heilinn að vera búinn að meðtaka stemninguna.

Jól snúast nefnilega um endurtekningar. Að gera sömu hluti og í fyrra og hitt eð fyrra og svo framvegis. Þetta er bara eitthvað sem mannkyninu þykir nauðsynlegt að gera því það gerir hjólför okkar í tilverunni eilítið dýpri. Að geta haldið upp á eitthvað sem tengist einhverju sem gerðist fyrir tvö þúsund árum síðan – þó þráðurinn sé býsna þunnur – lætur manni líða eins og það sé mögulega oggulítill tilgangur með þessu öllu.

Jól, jól, jól, jól. Það er ágætis huggunarmeðal að endurtaka orðin. Jólastemning gerir það sama fyrir okkur mannfólkið og mal gerir fyrir ketti. Kattamal er víst ekki fullkomlega útskýrt af hálfu vísindanna en það eru kenningar um að kettir mali til að róa sig. Þá titra vöðvar í brjóstholi kattanna og senda út bylgjur um allan líkama þeirra, til að allt sé í „synci“, ef svo má að orði komast. Í hvert skipti sem ég hlusta á útvarpið í desember fæ ég þess konar tilfinningu um okkur mannfólkið. Eins og við séum að stilla samfélagið af. Að vísu eru heilmikil læti: lög í útvarpinu þar sem sungið er um jól í öðru hverju orði og svo auglýsingar sem bæta jól framan við sérhverja vöru. En á heildina litið er þetta róandi því þetta segir manni að allir séu á sömu blaðsíðu. Það ætla mjög fáir að láta þessi jól framhjá sér fara.

Og Ísland virðist þurfa að mala meira en mörg önnur samfélög. Ef við værum kettir værum við einn af þessum taugaveikluðu köttum sem mala ekki bara þegar þeim er klappað heldur líka þegar þeim er ógnað. Því spennustigið er hátt hér á landi og þess vegna er malað hátt og lengi til að koma öllum örugglega á sömu blaðsíðu Jól, jól, jól, jól, JÓL JÓL JÓL!!! Eru ekki allir með?! Ha?! Á ekki að skreyta rosalega mikið?! Á ekki að fara í fimm jólahlaðborð?! Á ekki að sprengja fyrir tvö hundruð þúsund kall um áramótin?! Eru ekki allir í synci?!

Jú. Ég er að gera mitt besta. Jól, jól, jól, jól. Jólaskapið er í alvöru að koma. Ég er enginn skröggur þó hann Ebenezer gamli sé hálf-nafni minn. Ég þarf bara að koma mér í gírinn. Ég er búinn að eyða hálfum desember á meginlandi Evrópu og þar malar kötturinn lægra. Hér er þrjú hundruð hestafla mótor undir feldinum, með beinni innspýtingu. Því róstusamara sem það hefur verið í samfélaginu, því heilagari skulu jólin vera. Þessi jól skulu mulin inn í sál sérhvers manns eins og laufabrauð sem molnar í lófa. Þegar klukkan slær sex á aðfangadag skulu allar fjölskyldur gjöra svo vel að vera tilbúnar eins og herdeild, með krakkana strokna og vatnsgreidda, í viðbragðsstöðu. Þetta eru ekki tilmæli. Þetta er skipun.

Má hugsa til þeirra sem ekki halda jól? Þau hljóta að vera nokkuð mörg á þessu landi? Ég vil ekki skemma stemninguna fyrir meirihlutanum, en ég velti bara fyrir mér hvernig það sé að lifa á Íslandi í desember ef maður er ekki áskrifandi að þessu konsepti sem jól eru. Ég er alls ekki að segja að Íslendingar taki jólin of alvarlega (munið, ég er enginn skröggur). Róleg. Ég velti því bara fyrir mér hvort það sé ekki soldið fyndið að fylgjast með jólageðveikinni ef maður kemur úr öðrum menningarheimi. Þegar orðið „jól“ bætist við allt. Þegar smjör verður jólasmjör, konfekt verður jólakonfekt, hlaðborð verða jólahlaðborð, bjór verður jólabjór, tré verða jólatré og skafmiðar verða jólaskafmiðar. Kannski er þetta eins og að sjá forrit í tölvu fá tímabundna uppfærslu.

En ég er eins og flestir á þessu landi. Jólamegin í lífinu. Eða að minnsta kosti rétt ókominn þangað. Og ef ég væri það ekki myndi ég vísast þegja um það. Það er nefnilega mjög erfitt að fara gegn stemningu í ræðu og riti, sama hversu málefnalega slíkar röksemdir eru settar fram. En það er almennur punktur og hefur ekkert með mig eða mitt jólaskap að gera – sem ég er óðum að komast í eftir þessi skrif. Þetta var jólapistill. Nú set ég jólapunkt. *Gleðileg jól.*

> **En ég er eins og flestir á þessu landi. Jólamegin í lífinu. Eða að minnsta kosti rétt ókominn þangað.**



# Ekki orðinn brjálaður yfir að vera ekki búinn að skora

**Jóhann Berg Guðmundsson og félagar í Burnley hafa komið liða mest á óvart í vetur og sitja í 6. sæti ensku úrvalsdeildarinnar. Jóhann Berg er ánægður með eigin frammistöðu og segist finna fyrir trausti frá stjóra Burnley. Íslenski landsliðsmaðurinn hefur gefið fimm stoðsendingar en bíður enn eftir fyrsta markinu.**



Granit Xhaka tæklar Jóhann Berg Guðmundsson í leik Arsenal og Burnley á dögunum. Jóhann Berg og félagar hafa byrjað tímabilið frábærlega og sitja í 6. sæti ensku úrvalsdeildarinnar eftir 18 umferðir. NORDICPHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** „Við erum í mjög góðum málum. Byrjunin hefur verið vonum framar og við höfum komið mörgum á óvart,“ sagði Jóhann Berg Guðmundsson, leikmaður Burnley, þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hans í vikunni.

Það er allt í lukkunnar velstandi hjá Jóhanni Berg og Burnley. Hann er fastamaður í liðinu og hefur spilað virkilega vel síðustu vikur. Staða Burnley er líka lygilega góð. Fyrir síðasta leikinn í fyrri umferð ensku úrvalsdeildarinnar situr Burnley í 6. sæti ensku úrvalsdeildarinnar með 32 stig, aðeins tveimur stigum frá Meistaradeildarsæti.

„Fyrsta markmiðið var að halda sér í deildinni og allt eftir það væri plús. Við höfum ekki talað mikið um hvar við viljum enda í deildinni. Við erum ekki að stressa okkur á neinu þótt við höfum byrjað vel,“ sagði Jóhann Berg aðspurður um markmið Burnley fyrir tímabilið.

Burnley tryggði sér sæti í ensku úrvalsdeildinni vorið 2016 og hélt sér örugglega uppi í fyrra. Lykillinn að því var frábær árangur á heimavelli en Burnley fékk 33 af 40 stigum sínum á Turf Moor.

**Engin vandræði á öðru tímabili**

„Það hafa margir talað um þetta annað tímabil, að það sé erfiðara en það fyrsta. En sú hefur ekki verið raunin hjá okkur, allavega eins og er. Við erum komnir með meiri reynslu og vitum meira hvernig deildin virkar,“ sagði Jóhann Berg.

Íslenski landsliðsmaðurinn hefur byrjað og klárað síðustu níu deildarleiki Burnley.

„Þjálfarinn hefur sýnt mér mikið traust og ég hef spilað vel. Maður vill spila alla leiki og helst klára 90 mínúturnar,“ sagði Jóhann Berg sem hefur gefið fimm stoðsendingar í ensku úrvalsdeildinni í vetur, flestar í liði Burnley. Hann á hins vegar enn eftir að skora á tímabilinu.

„Ég er búinn að leggja upp fimm mörk og hjálpa liðinu að ná í stig. Þannig að ég er ekki orðinn brjálaður yfir að vera ekki búinn að skora,“ sagði Jóhann Berg sem er einn þeirra leikmanna í ensku úrvalsdeildinni sem hafa skotið oftast í marksúlurnar.

> Það hafa margir talað um þetta annað tímabil, að það sé erfiðara en það fyrsta. En sú hefur ekki verið raunin hjá okkur, allavega eins og er.
>
> Jóhann Berg Guðmundsson

Lykillinn að góðum árangri Burnley á tímabilinu er vel skipulagður og sterkur varnarleikur. Ekkert lið hefur fengið á sig færri mörk (12) í ensku úrvalsdeildinni og Burnley hefur haldið níu sinnum hreinu í 18 deildarleikjum. Það er líka eins gott að vörnin sé sterk því Burnley hefur aðeins skorað 16 mörk, eða minna en mark að meðaltali í leik.

„Við höfum spilað gríðarlega sterkan varnarleik og halað inn mörg stig á þessari aðferð. Auðvitað viljum við skora fleiri mörk en meðan við vinnum leiki 1-0 kvörtum við ekki,“ sagði Jóhann Berg sem þarf, líkt og í íslenska landsliðinu, að sinna mikilli varnarvinnu í leikjum Burnley.

„Það eru margir leikir þar sem við þurfum að sætta okkur við að vera lítið með boltann. Þá er þetta bara spurning hvað þú ætlar að gera þegar þú færð boltann,“ sagði Jóhann Berg sem kveðst hafa byrjað að setja meira púður í varnarleikinn hjá sér þegar Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson tóku við íslenska landsliðinu. Þeir hafi ekki gefið neinn afslátt á varnarvinnunni.

**Góður páfi**

Tom Heaton, markvörður og fyrirliði Burnley, meiddist í 1-0 sigri á Crystal Palace 10. september. Við stöðu hans tók lítt þekktur markvörður að nafni Nick Pope. Hann hefur slegið í gegn og átt stóran þátt í góðu gengi Burnley. Jóhann Berg kannast vel við Pope en þeir léku saman hjá Charlton og fóru á sama tíma til Burnley.

„Ég þekki hann vel og vissi að hann var mjög góður markvörður. Hann er einn af þeim bestu í að verja boltann sem ég hef spilað með. Ég hafði ekki miklar áhyggjur af honum,“ sagði Jóhann Berg.

**Frábærar æfingar**

Íslenski landsliðsmaðurinn ber Sean Dyche, hinum rauðbirkna stjóra Burnley með urrandi röddina, vel söguna.

„Hver einn og einasti leikmaður í liðinu veit til hvers er ætlast af honum. Hann fær til sín leikmenn sem vinna og fórna sér fyrir liðið. Æfingarnar hjá honum eru frábærar. Hans sterkasti eiginleiki er að vera með vel skipulagt lið,“ sagði Jóhann Berg um Dyche sem hefur stýrt Burnley síðan 2012.

Að sögn Jóhanns Berg hefur lítið verið rætt um möguleikann á að ná Evrópusæti innan raða Burnley. Hinir rauðvínslituðu lifi bara í núinu.

„Við höfum bara grínast með að vera í Evrópu á næsta ári. Við tökum bara einn leik fyrir í einu. Við erum á frábærum stað í deildinni og viljum vera eins ofarlega og hægt er. Svo sjáum við hvernig taflan lítur út í maí,“ sagði Jóhann Berg að lokum.

ingvithor@365.is




## Nýjast

**Olísdeild karla**

**Stjarnan - ÍBV 26-29**

**Stjarnan:** Birgir Steinn Jónsson 8, Starri Friðriksson 4, Leó Snær Pétursson 4, Garðar Benedikt Sigurjónsson 3, Egill Magnússon 3, Andri Hjartar Grétarsson 3, Bjarki Már Gunnarsson 1.

**ÍBV:** Sigurbergur Sveinsson 9, Theodór Sigurbjörnsson 7, Friðrik Hólm Jónsson 3, Róbert Aron Hostert 3, Agnar Smári Jónsson 2, Andri Heimir Friðriksson 2, Dagur Arnarsson 1, Róbert Sigurðarson 1, Daníel Örn Griffin 1.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| FH | 24 | Stjarnan | 13 |
| ÍBV | 22 | Afturelding | 13 |
| Valur | 21 | Fram | 8 |
| Selfoss | 20 | Grótta | 7 |
| Haukar | 17 | Fjölnir | 5 |
| ÍR | 13 | Víkingur | 5 |

**DESEMBERBÖLVUNIN**



Undanfarin þrjú ár hefur enska úrvalsdeildarliðið Swansea City sagt upp knattspyrnustjóra sínum. Paul Clement var rekinn í fyrradag og hann er þriðji stjórinn á jafn mörgum árum sem fær uppsagnarbréf frá Swansea á aðventunni. Garry Monk var rekinn frá Swansea 2015 og Bob Bradley ári seinna. Clement tók við Swansea í byrjun janúar og undir hans stjórn bjargaði liðið sér frá falli. Í vetur hefur hins vegar gengið illa og Clement skilur við Swansea í botnsæti ensku úrvalsdeildarinnar. Leon Britton stýrir Swansea í leiknum gegn Crystal Palace á morgun.

**MANCHESTER-LIÐIN SLEPPA**



Hvorki Manchester United né Manchester City verður refsað fyrir ólætin í göngunum á Old Trafford eftir leik liðanna fyrr í mánuðinum. Mjólk var ausið yfir Jose Mourinho, knattspyrnustjóra United, og Mikel Arteta, meðlimur þjálfarateymis City, fékk skurð á ennið. Í yfirlýsingu enska knattspyrnusambandsins segir: „Eftir að hafa farið yfir gögnin og frásagnir beggja félaga og annarra vitna mun sambandið ekki fara í neinar formlegar aðgerðir.“ Félögin kenndu hvort öðru um og er talið að gögnin sem knattspyrnusambandið fékk í hendurnar hafi ekki farið saman og sambandið því ekki haft neitt til þess að byggja refsingu á.

**GUÐJÓN VALUR LJÓN TIL 2019**



Guðjón Valur Sigurðsson framlengdi í kvöld samning sinn við þýska félagið Rhein-Neckar Löwen og er nú skuldbundinn félaginu til 2019. Guðjón kom til félagsins frá Barcelona árið 2016. Hann hafði áður verið hjá félaginu á árunum 2008-2011. Hann varð Þýskalandsmeistari með félaginu í vor og varð fjórði markahæsti leikmaður Bundesligunnar á tímabilinu. Guðjón Valur hefur orðið landsmeistari með sínu félagsliði síðustu 6 ár, er fyrirliði íslenska karlalandsliðsins og var í gær útnefndur handknattleiksmaður ársins af HSÍ.

## Í dag

**19.00 Arsenal - Liverpool** Sport

SAMSUNG

# Fullkomnun

Gerið samanburð




LIFETIME BURN-IN WARRANTY

CES INNOVATION AWARDS 2017

SAMSUNG
QLED / QE65Q7C
ULTRA HD PREMIUM GÆÐI,
PQI 3200 / QHDR 1500
**65" Kr. 359.900,-**

SAMSUNG
MS660/XE
Soundbar með innbyggðum bassa
**Kr. 69.900,-**

Bästa köp




**MU9005 / 55" OG 65"**
2700 PQI 10 bita. Motion rate 200. Sér tengi box.
**55" Kr. 229.900,-**




**MU7055 / 49" 55" OG 65"**
2400 PQI 10 bita. Motion rate 200. Sér tengi box.
**55" Kr. 219.900,-**




**MU6455 / stærðir 49" 55" 65"**
1600 PQI, 4K. Motion rate 100
**55" Kr. 170.000,-**




**MU6655 / stærðir 49", 55" og 65"**
1700 PQI, 4K. Motion rate 100
**55" Kr. 170.000,-**

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 - SÍMI 530 2800

SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

samsungsetrid.is

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |








Madrídingurinn Sergio Ramos og Börsungurinn Lionel Messi verða í eldlínunni í El Clásico. NORDICPHOTOS/GETTY

# Spænskur jólapakki á Þorláksmessunni

**Erkifjendurnir Real Madrid og Barcelona mætast í 237. sinn á Þorláksmessu. Pressan er öll á Madrídingum sem þurfa að vinna til að halda í við Börsunga og eiga möguleika á að verja Spánarmeistaratitilinn sem þeir unnu í fyrra.**

**FÓTBOLTI** Í haust var mátturinn með Real Madrid. Spánar- og Evrópumeistararnir virtust sterkari en nokkru sinni og sýndu styrk sinn með öruggum sigri á Barcelona í spænska ofurbikarnum. Liðsheildin var sterkari en oftast áður, Cristiano Ronaldo enn að skora mörk í bílförmum og ungir og efnilegir leikmenn að banka á dyrnar í aðalliðinu.

Á meðan var allt í steik hjá Barcelona. Neymar var farinn og maðurinn sem átti að leysa hann af, Ousmane Dembélé, meiddist strax. Philippe Coutinho kom ekki frekar en aðrir sterkir leikmenn sem voru orðaðir við Barcelona. Mikil óánægja var með forseta félagsins, Josep Maria Bartomeu, og þá er og var ástandið í Katalóníu mjög eldfimt.

Þrátt fyrir þetta allt er Barcelona ósigrað á toppi spænsku úrvalsdeildarinnar, 11 stigum á undan Real Madrid sem situr í 4. sætinu. Börsungar geta því stigið ansi stórt skref í átt að Spánarmeistaratitlinum með sigri á Santiago Bernabéu á Þorláksmessu. Þeir geta allavega gert nánast út um vonir Real Madrid um að verja titilinn. Pressan er því öll á Madrídingum fyrir 237. leik erkifjendanna frá upphafi.

En af hverju er Barcelona, eftir þetta erfiða sumar, í þessari frábæru stöðu? Einfalda svarið er Lionel Messi. Þrátt fyrir að vera orðinn þrítugur gefur argentínski snillingurinn, sem Íslendingar mæta á HM á næsta ári, ekkert eftir og heldur áfram að draga kanínur upp úr hatti sínum. Messi hefur skorað 14 mörk og gefið fimm stoðsendingar í 16 deildarleikjum á tímabilinu.

Hetjurnar hafa líka komið úr óvæntri átt. Franski miðvörðurinn Samuel Umtiti spilaði frábærlega þangað til hann meiddist í 2-2 jafntefli gegn Celta Vigo í upphafi mánaðarins. Thomas Vermaelen, sem hefur lítið spilað undanfarin ár, hefur svo spilað vel í fjarveru Umtitis. Marc-André ter Stegen hefur aðeins fengið á sig sjö mörk í 16 deildarleikjum. Og Brasilíumaðurinn Paulinho, sem var óvænt keyptur frá Guangzhou Evergrande í Kína, hefur verið afar drjúgur og skorað sex mörk í deildinni.

Þá hefur nýi maðurinn í brúnni, Ernesto Valverde, vaxið með hverju verkefni. Þessi 53 ára fyrrverandi framherji Barcelona er yfirvegaður og vinsæll meðal leikmanna og hæstráðenda hjá Katalóníufélaginu.

Real Madrid hefur verið í eltingaleik nánast frá byrjun tímabils. Cristiano Ronaldo byrjaði tímabilið í fimm leikja banni og hefur ekki komist á flug í spænsku deildinni. Mörkin eru aðeins fjögur sem þykir lítið á þeim bænum. En það virðist vera að birta til. Ronaldo skoraði tvö mörk í 5-0 sigrinum á Sevilla í síðustu umferð og svo markið sem tryggði Real Madrid heimsmeistaratitil félagsliða í síðustu viku. Hann virðist því vera að taka við sér.

Ekki veitir af. Real Madrid hefur bara skorað 30 mörk í 15 leikjum í spænsku deildinni í vetur. Á sama tíma í fyrra voru Madrídingar búnir að skora 10 mörkum meira. Karim Benzema hefur verið kaldur á tímabilinu og Gareth Bale er alltaf meiddur.

Það er auðvelt að vera dramatískur og segja að tímabilið sé undir í El Clásico. En staðan er þannig að Real Madrid verður að vinna til að halda lífi í titilvonum sínum. Vinni Barcelona, hefur liðið afar drjúgt forskot og jafnvel þótt Real Madrid vinni leikinn sem það á inni missa Börsungar aldrei niður svona mikið forskot. Pressan er öll á Ronaldo og félögum og nú þurfa þeir að standast hana.

**ingvithor@365.is**



# Fólk
## Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 22. DESEMBER 2017



# Mamma fríkaði út

Barn eignaðist barn á aðfangadagskvöld í fyrra. Hin unga móðir, Svanhildur Helga Berg, segir barnið vera blessun og hafa fyllt sig lífsgleði. Móðurhlutverkið sé dásamlegt. ➔2

**Svanhildur Helga Berg og dóttir hennar Camilla Von Gunnarsdóttir, sem verður eins árs á aðfangadag. „Ég held að það sé vel hægt að gera gaman úr því að eiga afmæli á jólunum en verra að fá alltaf jólaskraut í afmælisgjöf,“ segir Svanhildur sem hélt afmælisveislu Camillu viku fyrir jól.** MYND/ANTON BRINK

*Ellefti var **Gáttaþefur**. Hann hafði heljarstórt nef og fann ilminn af laufabrauði langt upp á heiðar.*

Jólasveinastytta
**KR. 2.990.-**




icemart
LAUGAVEGUR 89 • S: 585 0507




LÍNAN
BÆJARLIND 14 - 16 | KÓPAVOGUR | SÍMI 553 7100 | WWW.LINAN.IS | OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Framhald af forsíðu ➪



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is

Camilla hefur sýnt mér hvað lífið er yndislegt. Ég var svolítið þunglynd á tímabili en hef aldrei í lífinu verið hamingjusamari," segir Svanhildur Helga Berg, sem eignaðist dótturina Camillu Von á aðfangadagskvöld í fyrra, þá sextán ára gömul.

„Það er dásamlegt að eignast barn. Camilla fyllti mig orku og sannri lífsgleði og hún hefur gefið mér svo mikið á þann hátt að ég er nú miklu duglegri við allt sem ég geri, hvort sem það er skólinn, vinnan eða móðurhlutverkið."

## Vildi slá á kjaftasögurnar

Svanhildur var í 10. bekk þegar hún komst að raun um að hún væri barnshafandi.

„Þá gengu kjaftasögur um að ég væri ólétt en til að leiðrétta þann misskilning fyrir þáverandi kærasta og vinum ákvað ég að taka þungunarpróf. Mér hafði að vísu verið flökurt og illt í maganum en renndi ekki í grun að ég væri með barni og varð mjög hissa þegar sannleikurinn kom í ljós. Mamma fríkaði náttúrlega út en ég fríkaði ekki neitt út. Ég varð strax ákveðin í að eignast barnið og fóstureyðing hvarflaði ekki að mér. Það var ekkert fyrir mig."

Settur fæðingardagur var 3. janúar 2018 en jólabarnið Camilla vildi í heiminn á aðfangadag.

„Þorláksmessa gekk sinn vanagang. Við mamma heimsóttum bræður mína en einn þeirra býr á Akranesi. Þar fór ég að finna fyrir verkjum en tók ekki mark á þeim því ég hafði verið með fyrirvaraverki frá 27. viku," útskýrir Svanhildur.

Á Þorláksmessukvöld var jólatréð skreytt. Á eftir ákváðu mæðgurnar að horfa saman á bíómynd en þegar gengið var til hvílu um nóttina höfðu verkirnir aukist hjá Svanhildi.

„Klukkan átta á aðfangadagsmorgni voru hríðaverkirnir orðnir stöðugir svo ég vakti mömmu sem bað mig nú að hætta þessu væli og halda áfram að sofa, enda ætti barnið ekkert að koma fyrr en eftir jól. Ég sagði henni að það væri enginn vafi, barnið væri að koma. Mamma hringdi þá í ljósmóður sem spurði hvað ég væri gömul og komin langt á leið, og svaraði því svo til að svo ungar stelpur gengju alltaf fram yfir settan tíma og því væri best fyrir mig að fara bara í bað," segir Svanhildur sem fór í heitt bað en allt kom fyrr ekki.

„Í baðinu fékk ég svakalega hríðaverki og kallaði á mömmu sem tók mig úr baðinu. Ég klæddi mig í flýti og setti ofan í tösku, en þá þurfti mamma að fara í sturtu, blása á sér hárið, mála sig og setja á sig eyrnalokka, því maður á jú að vera finn á jólunum," segir Svanhildur og hlær að minningunni, enda trúði því enginn að Camilla væri að koma í heiminn á þessum helga jóladegi.

„Ég var hins vegar sannfærð, þótt enginn annar tryði mér. Á endanum drifum við okkur á fæðingardeildina en ljósmóðurinni sem tók á móti okkur þótti ólíklegt að ég væri komin með hríðir þar sem ég leit ekki út fyrir að þjást. En svo skoðaði hún mig og ég var komin með sjö í útvíkkun! Mamma táraðist og ég var drifin í bað til að lina verkina og undi mér þar næstu tímana með glaðloft og mandarínur," segir Svanhildur sem afþakkaði öll verkjastillandi lyf í fæðingunni. „Ég hafði nefnilega gert þau mistök að horfa á myndband um mænurótardeyfingu á ljósmóðir.is og það hræddi mig."



„Mín uppáhaldsjólahefð er að skreyta jólatréð á Þorláksmessu þar sem allir hjálpast að og skiptast á að setja upp stjörnuna. Í þá hefð mun ég halda fyrir Camillu," segir Svanhildur. MYND/ANTON BRINK

## Stærsti jólapakki lífsins

Klukkan fjögur á aðfangadag lagðist Svanhildur á sængina og klukkan 24 mínútur yfir fimm fæddist Camilla Von, rúmum hálftíma áður en kirkjuklukkurnar hringdu inn jólin.

„Fæðingin gekk eins og í sögu og Camilla kom í heiminn heilbrigð og yndisleg. Mamma og Sólveig, kona pabba, voru viðstaddar fæðinguna. Allt við þennan dag var sérstakt og ég skynjaði vel þann milda jólafrið sem lá í loftinu. Ég var fullkomlega róleg og vissi kynið en var þó allan tímann efins og viss um að þetta yrði strákur því sónarinn er ekki óskeikull."

Jólamaturinn á fæðingardeildinni var búinn þegar fæðingin var afstaðin en Svanhildi voru færðar smákökur og brauð.

„Reyndar voru smákökurnar verulega góðar og ég sendi mömmu margar ferðir eftir þeim um kvöldið. Sólveig bjargaði svo jólamatnum sem hún sendi pabba með handa okkur mömmu á fæðingardeildina og pakka svo unglingurinn ég færi ekki alveg á mis við aðfangadagskvöld. Þó hafði ég opnað þann stærsta í lífinu, sem var Camilla," segir Svanhildur, en á jóladag fóru mæðgurnar heim og héldu heilög jól.

## Gaman að vera mamma

Til er mynd af Svanhildi haldandi á Camillu í fyrsta sinn. Úr andliti hennar skín undrun.

„Maður sér oft myndir af nýbökuðum mæðrum sem gráta af gleði og geðshræringu en ég hugsaði bara með mér: Hvernig gerðist þetta eiginlega? Hvernig gat ég búið til heila manneskju? Þetta var mikið að meðtaka," segir Svanhildur.

Henni þykir táknrænt að Camilla hafi fæðst á fæðingardegi frelsarans.

„Ég var ekkert sérstaklega trúuð en eftir að ég eignaðist Camillu breyttist viðhorf mitt. Ég get ekki skilið hvernig venjuleg sextán ára stelpa gat búið til lifandi manneskju með sál, tilfinningar og persónuleika. Það hlýtur að vera eitthvað til sem er æðra manninum en það er erfitt að útskýra."

Camilla er jólabarn með rentu og yfir sig heilluð af jólaskrautinu og jólaljósunum.

„Ég elska að sjá hana dansa og segja nýja hluti. Mér finnst rosalega gaman að vera mamma og það hefur gengið vel þótt það geti líka verið erfitt á stundum. Það kostar andvökunætur eins og nú í tanntökunni, en maður gleymir því strax þegar hún er hress og vakandi."

Camilla var farin að ganga níu mánaða og hleypur nú um allt, rétt að verða ársgömul.

„Camilla er eins og þriggja ára barn og klifrar upp á allt. Hún kann orðið meira en tuttugu orð, er skynsöm og purrar á mig ef ég geri eitthvað rangt, og er einstaklega dugleg og klár stelpa," segir Svanhildur og það leynir sér ekki að hún er stolt móðir.

## Vill sjálf sjá um uppeldið

Svanhildur og Camilla búa til skiptis hjá móður Svanhildar í Efra-Breiðholti og föður hennar í Mosfellsbæ.

„Ég tók strax ákvörðun um að ala Camillu upp alveg sjálf og vera móðir hennar frá fyrsta degi. En auðvitað er gott að hafa mömmu, pabba og Sólveigu fósturmömmu mína nærri. Ég hlusta auðvitað á mömmu og leita stundum ráða, eins og þegar Camilla fæddist og fyrsti kúkurinn hennar var svartur og ég hélt að eitthvað væri að barninu," segir Svanhildur brosmild.

Hún segist ekki beint mæla með unglingaþungun en þó sé hún ekki óyfirstíganleg.

„Þegar unglingsstúlkur verða óléttar finnst mér að þær ættu að hugsa út í möguleikana því þetta er vel hægt. Barn er alltaf blessun og það er yndislegt að eignast barn. Það kom mér á óvart hvað móðurhlutverkið er gefandi og skemmtilegt, þótt auðvitað sé einstaklingsbundið hvort stelpur séu tilbúnar í það á þessum aldri."

Svanhildur er fljót til svars þegar hún er spurð um hvað sé best við móðurhlutverkið.

„Það besta við að vera mamma er að kenna Camillu að vera góð, umburðarlynd og kurteis. Ég vil ala hana upp til að verða góð manneskja sem sýnir af sér náungakærleik og dreifir ást til allra."

## Trú, von og kærleikur

Nafnið Camilla er tignarlegt og fagurt í huga Svanhildar, og móðir hennar, Þórdís Una Gunnarsdóttir, átti uppástunguna um Von sem millinafn.

„Mér fannst Von passa Camillu vel, ekki síst vegna trúar, vonar og kærleika og þess að hún fæddist á aðfangadegi jóla. Það tók líka mikla trú, von og kærleika á meðgöngunni að eignast hana. Meðgangan var einstaklega erfið, allt frá annarri að 30. viku. Þá ældi ég galli dagana langa og var með mikla magaverki og oft háan hita. Ég fór nokkrum sinnum á Barnaspítalann í blóðprufur en það fannst aldrei skýring á hitanum né verkjunum," segir Svanhildur sem var einnig nokkuð buguð stóran hluta meðgöngunnar.

„Ég bugaðist vegna þess að mig langaði að vera með vinum mínum úti í sumrinu en sökum þess hve ég ældi mikið, var þreytt og léttist frekar en hitt varð ég hrædd um Camillu, lokaði mig af og hélt mig mikið inni."

Svanhildur stundar nú nám á sjúkraliðabraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti en hún hefur engan áhuga á djammlífi framhaldsskólaáranna.

„Ég hef enga þörf fyrir að hlaupa af mér hornin. Eftir að ég eignaðist Camillu varð ég miklu ákveðnari í hvað ég vil gera og vera. Ég ætla til dæmis aldrei að reykja eða drekka. Ég vil einbeita mér að náminu og fæ nú miklu betri einkunnir en ég gerði í grunnskóla þegar mér var meira sama og vildi heldur hafa það skemmtilegt með vinunum. Nú veit ég hvað ég þarf að gera til að eignast draumalífið; heimili, bíl og fjárhagslegt öryggi."

Svanhildur er trúlofuð Gunnari Má, ungum Húsvíkingi í pípulagningarnámi. Hún hlakkar til frekari barneigna í framtíðinni en draumur hennar er að verða læknir eða lögreglukona.

„Mig langar til að starfa sem öldrunarlæknir eða verða lögreglukona sem veitir hjálp þar sem á þarf að halda."






**VERZLANIR OKKAR Í REYKJAVÍK:**

FARMERS & FRIENDS
Hólmaslóð 2 / Grandi

FARMERS & FRIENDS
Laugavegur 37

**WWW.FARMERSMARKET.IS**



HÓLMASLÓÐ 2



LAUGAVEGUR 37

Mozart
við kertaljós
Dómkirkjunni
í kvöld kl. 21.00
Camerarctica
Miðaverð 2800/2000
miðar á tix.is


GEFÐU
HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


hrím
www.hrim.is
Laugavegi 25 / Kringlunni / 553-3003

20% AFSLÁTTUR
AF YFIRHÖFNUM
Í JÓLAPAKKANN HENNAR

Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is
BASLER MaxMara BRAX



Haukur Heiðar hefur gefið út nýjan tvöfaldan geisladisk með bestu lögunum sem hann hefur áður gefið út á plötum en þeir diskar eru ófáanlegir. MYND/EYÞÓR

# Þægindamúsík í lækníshöndum

## Haukur Heiðar Ingólfsson læknir hefur gefið út safnplötu með 44 lögum þar sem hann rifjar upp vinsæl lög af fyrri plötum. Þetta er þægileg tónlist leikin af fingrum fram.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Haukur Heiðar hefur leikið af fingrum fram frá því hann var lítill drengur og æfði sig á gamalt stofuorgel móður sinnar. Þótt plötusala hafi nær þurrkast út og plötubúðir sjáist vart lengur lætur Haukur Heiðar ekki deigan síga. Fyrri plötur hans hafa allar selst upp og þessi nýjasta hefur fengið frábærar viðtökur. „Ég er virkilega þakklátur og ánægður með hversu þessum nýja diski er vel tekið,“ segir hann. „Fyrsti geisladiskurinn kom út árið 1984 og síðan annar fjórum árum síðar. Þegar ég varð sjötugur árið 2012 gaf ég út afmælisdisk og hann átti að verða sá síðasti. Ég hef hins vegar mikið verið spurður hvort hægt sé að fá þessa diska einhvers staðar en þeir eru ófáanlegir. Það var ástæðan fyrir því að ég gerði þennan disk sem nefnist Bestu lögin og inniheldur sérvalin lög af fyrri plötum,“ útskýrir Haukur Heiðar sem varð 75 ára á árinu og er enn á fullu að spila í hinum ýmsu veislum.

„Þetta eru tveir diskar, annar með lögum þar sem þau eru sungin en hinn er eingöngu píanóleikur,“ segir hann en allt eru þetta lög sem áður hafa komið út á þeim sex geisladiskum sem læknirinn hefur sent frá sér.

> „Ég hef hins vegar mikið verið spurður hvort hægt sé að fá þessa diska einhvers staðar en þeir eru ófáanlegir. Það var ástæðan fyrir því að ég gerði þennan disk sem nefnist Bestu lögin og inniheldur sérvalin lög af fyrri plötum.

### Ljúfar laglínur

Haukur Heiðar er fyrir löngu orðinn kunnur fyrir tónlistina sem hann flytur svo ljúflega. Hann segir þetta vera svokallaða þægindamúsík sem flestum finnst gott að hafa í kringum sig. „Það er enginn hávaði í þessum plötum heldur mætti segja að þetta sé eins konar ljúf dinnermúsík eða bakgrunnstónlist. Ég er mikið fyrir melódíur og fallegar laglínur,“ segir Haukur Heiðar sem spilaði lengi undir borðhaldi á Broadway á meðan sá staður var vinsæll.

Þegar hann er spurður hvaða tónlist hann setji á fóninn heima, svarar hann: „Það er þessi þægilega tónlist, ameríska söngbókin, klassísk revíulög, suðræn tónlist og svo hlusta ég á gömlu snillingana, Bach, Beethoven og Chopin. Sjálfur spila ég ekki klassíska tónlist en hlusta mikið á hana. Ætli ég hafi ekki frekar breiðan tónlistarsmekk. Ég fer reglulega á Sinfóníutónleika og hlusta talsvert á góða kóra, til dæmis Mótettukór Hallgrímskirkju. Svo er ég mikill aðdáandi Víkings Heiðars píanósnillings, hann er í sérflokki. Við eigum margt frábært tónlistarfólk hér á landi.“

### Á böllunum

Sjálfur byrjaði Haukur Heiðar að spila á píanó 10 ára. „Ég lærði ekki á píanó heldur spilaði lögin eftir eyranu. Á þeim tíma var rokkið og poppið að byrja og lítill áhugi á nótum og klassískri tónlist. Mér var boðið að spila á hótel KEA sem ungum manni og fékk meðal annars að vinna með Jose Riba sem var með hljómsveit á hótelinu auk þess sem hann kenndi við Tónlistarskólann á Akureyri. Ég lærði töluvert af honum. Hann bauð helst upp á klassísk dægurlög og suðræna tónlist. Ferillinn byrjaði eins og oft vill verða í gagnfræðaskólahljómsveit og síðan lá leiðin á skemmtistaðina og sveitaböllin. Þegar áhugi á læknisfræði kviknaði hjá mér var ég ekki með stúdentspróf enda hafði ég ekki hugsað mér að ganga menntaveginn. Músíkin átti hug minn allan. En ég sá að mér, dreif mig í menntaskóla og þaðan í háskólann. Á þeim tíma hitti ég Ómar Ragnarsson og okkar ferill saman spannar líklega nálægt fimmtíu árum. Það var síðan Björgvin Halldórsson sem kom að máli við mig og hvatti mig til að gera plötu með píanótónlist. Slíkar plötur voru fátíðar hér á landi en Magnús Kjartansson hafði reyndar gert eina plötu á undan mér og stal af mér nafninu en sú nefndist Samkvæmt læknisráði sem ég hefði viljað setja á mína plötu.“

### Með Ómari í 50 ár

Haukur Heiðar lék um árabil á jólatrésskemmtunum með Ómari Ragnarssyni en segist ekki gera það lengur. „Við fórum í jólasveinabúninga, ég með nikkuna, og svo sprelluðum við með krökkunum. Það kemur fyrir að ég spili fyrir barnabörnin eða þau fyrir mig. Tónlist er mikil í minni fjölskyldu, bæði hjá börnunum og barnabörnunum og það er stundum glatt á hjalla hjá okkur. Á aðfangadag verð ég í mat hjá dóttur minni og aldrei að vita nema lagið verði tekið. Jólin eru skemmtilegur tími,“ segir Haukur Heiðar en geisladiskinn hans er meðal annars hægt að nálgast í Tólf tónum, Fjarðarkaupum, Hagkaup og Pennanum/Eymundsson.

# Jólagjafir af ýmsu tagi!






**BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR**
LAUGAVEGI 18

Opið alla daga til kl. 22.00
facebook.com/malogmenning

# Vilja halda bálinu logandi

**Fatastíll Viktors Sigursveinssonar, meðlims hljómsveitarinnar The Retro Mutants, er litfagur og fjölbreyttur. Bestu og verstu fatakaupin gerði hann í Kolaportinu einn góðan veðurdag.**

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Viktor Sigursveinsson er einn meðlima The Retro Mutants sem skilgreina tónlist sína sem „80's synthwave popp“. Hann segir hljómsveitina snúast um að dilla sér og hafa gaman en það sé einmitt list sem er að deyja út. „Við viljum halda bálinu logandi. Í vetur stefnum við á að gefa út smáskífu og svo fljótlega eftir það kemur LP-plata



Uppáhaldsflík Viktors þessa dagana er bleik, flott og retró peysa sem hann klæðist oft á tónleikum. MYND/EYÞÓR



Nánar á jolathorpid.is
HAFNARFJÖRÐUR

og meðfylgjandi varningur, þar á meðal dúkkur, spil og fleira.“ Aðrir meðlimir sveitarinnar, sem klæðast gjarnan litfögrum 80's fötum á sviði og grímum, eru Arnar Hólm Einarsson og Bjarki Ómarsson en Viktor segir að sá síðarnefndi sé duglegasti tónlistarmaðurinn í bransanum. „Hann er í raun allt bandið og án hans væri þetta ómögulegt.“

Fatastíll Viktors hefur breyst gegnum árin að eigin sögn. „Áður fyrr, þegar ég var allur í rokkinu, þá klæddist maður einmitt svörtum þröngum buxum, marglitum hettupeysum, tískubolum frá Drop Dead og þessum ógeðslegu hálsklútum sem allir skörtuðu eins og bjánar árið 2008. Maður lærði lexíuna og klæðir sig alls ekki þannig lengur.“

> Áður fyrr, þegar ég var allur í rokkinu, þá klæddist maður einmitt svörtum þröngum buxum, marglitum hettupeysum, tískubolum frá Drop Dead og þessum ógeðslegu hálsklútum sem allir skörtuðu eins og bjánar árið 2008.

## Bleik og retro

Aðspurður um fatastíl sinn í dag segir hann að lýsa megi honum eins og prumpi eftir mexíkóskan mat, ófyrirsjáanlegum. „Hann er blanda af 80's pönki og „LA modern street fashion“. Ég klæðist oftast svörtum rifnum gallabuxum, hvítum Adidas-skóm og síðum bolum. Ef ég fer út að borða þá dett ég í Hugo Boss jakkafötin og lakkskó.“

Uppáhaldsflíkin hans þessa dagana, sem hann sýnir lesendum Fréttablaðsins hér, er peysa sem stuðningsfulltrúar dr. Steven Brule fréttamanns hönnuðu og selja til styrktar fjölskyldu Stevens en hann þjáist af beinbrunasótt. „Við drengirnir í The Retro Mutants höfum stutt hann í langan tíma. Þetta er mjög flott peysa, bleik og retró.“

## Smíðar leikföng

Utan þess að spila tónlist er Viktor bæði leikfangasmiður og nuddari. „Leikfangafyrirtækið mitt heitir Viktor's Vintage en þar bý ég til svokölluð listleikföng og sel þau á sölusíðu minni. Á Instagram (@viktorsvintage) auglýsi ég mest vörurnar mínar og eru leikföngin mín ástarbréf til leikfanga á borð við He-Man, Star Wars, Ghostbusters o.fl. Um jólin mun Nexus hafa nokkra gripi til sölu þannig að endilega skottist þangað ef þið viljið líta á leikföngin mín.“

*Hvernig fylgist þú með tískunni?* Ég fylgist ekki með tískunni með sama hætti og aðrir. Ég labba oft inn í fatabúðir og lít á úrvalið og segi bara „meh“ yfir flestu sem aðrir missa þvag yfir. En þegar ég sé einhverja flík sem mér líst á þá er hún yfirleitt mjög litrík og öll í glimmeri.

*Hvar kaupir þú helst föt?* Félagi minn frá Kanada sendir mér oft helling af gallabuxum og jökkum þar sem hann á vörumerkið Silver Jeans. Þannig að ég er góður hvað varðar buxur og svoleiðis en boli og peysur hef ég oft bara fundið í Primark.

*Hvaða flík hefur þú átt lengst og notar ennþá?* Gráan kragabol með fullt af yfirvaraskeggjum á.

*Áttu þér uppáhaldstískuverslanir?* Engar sem eru í uppáhaldi svo sem. Yfirleitt fer eftir árstíðum hvað er í boði. Sumar verslanir hafa bestu skóna meðan aðrar hafa flottustu jakkana.

*Bestu og verstu fatakaupin?* Bestu kaup sem ég hef gert voru í Kolaportinu þegar ég fann „snakeskin boots“ á 100 krónur. Ég er í þeim þegar ég kem fram á tónleikum. Verstu kaupin eru sömu skórnir því þeir voru allir í blóði.

*Notar þú fylgihluti?* Ég á Louis Vuitton tösku sem ég held mikið upp á. Einnig nota ég stundum LA Lakers derhúfu þegar sólin kemur ... en hún kemur aldrei.





Mikið úrval af hágæða vetrarfatnaði í jólapakkann!




Norsk ullarnærföt úr einstaklega mjúkri og teygjanlegri 100% merino ull





Peysa kr.11.990.- Buxur kr.10.990.-

SPORTÍS MÖRKIN 6 - 108 REYKJAVÍK - S:520-1000 - SPORTIS.IS



Það fylgir mikil dulúð því að skíða í miðnætursólinni á vorin, jafnvel nálægt Jónsmessu í júní eins og Halldór Hreinsson, framkvæmdastjóri Fjallakofans, þekkir. MYND/JÓN JÓEL EINARSSON

# Himnaríki á fjöllum

**Fjallaskíðaíþróttin nýtur sífellt meiri vinsælda hér á landi en hana er hægt að stunda lengur og víðar en hefðbundin skíði bjóða upp á. Veðurspár lofa hvítum jólum og snjó jafnvel fram yfir nýárið og því tilvalið að kíkja í Fjallakofann.**

Mikil sprenging hefur orðið í iðkun fjallaskíðaíþróttar hér á landi undanfarin ár og virðist fjöldi Íslendinga vera að átta sig á því hversu skemmtileg hún er, segir Halldór Hreinsson, framkvæmdastjóri Fjallakofans. „Þeir sem skíða á hefðbundnum skíðum eru bundnir við fá skíðasvæði, t.d. Bláfjöll og Skálafell fyrir þá sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Fjallaskíðin opna hins vegar á svo miklu stærra og skemmtilegra leiksvæði því hægt er að fara um allt land og skíða. Tímabilið fyrir fjallaskíði stendur líka lengur yfir en áður, eða frá nóvember og fram í júní, sem eru um átta mánuðir af gleði á fjöllum.“

Halldór nefnir nokkur svæði víða um land, máli sínu til stuðnings. „Fyrir vestan höfum við Jökulfirðina sem eru algjört himnaríki. Norðurland býður m.a. upp á Tröllaskagann sem er svo sannarlega paradís fyrir iðkendur fjallaskíðaíþróttarinnar. Fyrir austan má finna t.d. Snæfell og fleiri fjöll og á Suðurlandinu er úr nægu að velja, t.d. Öræfajökul, Hvannadalshnjúk, Eyjafjallajökul, Tindfjöll og Heklu. Ekki má svo gleyma sjálfum gimsteininum Snæfellsjökli sem er að mínu mati ævintýralegt skíðasvæði og í skotfæri við höfuðborgarsvæðið.“

## Góð skíðaspá fram undan

Halldór sem varð sextugur í haust hefur stundað skíði af kappi nánast frá því hann stóð fyrst á fætur. Hann segist enn vera með ódrepandi skíðadellu sem versni bara eftir því sem árunum fjölgar. Fjallaskíðin og skíðaferðir á nýja og óvenjulega staði, ekki síst hérlendis, bjóða upp á algjörlega nýja upplifun á skíðamennskunni. „Það er eitthvað við það að renna sér niður ósnerta mjöll í brekku þar sem fáir eða engir hafa skíðað áður, ekki síst eftir að hafa unnið sér inn fyrir því með því að ganga á toppinn fyrst.“

Síðasti vetur var ansi rysjóttur svo ekki sé meira sagt en nú eru á lofti vísbendingar um að veturinn verði kaldari en áður og þá er viðbúið að skíðaíþróttin taki hressilega við sér, segir Halldór. „Í Bláfjöllum er búið að opna 1-2 sinnum en þrátt fyrir kulda síðustu vikurnar hefur lítið bæst í snjóinn þar. Heyrst hefur þó af fjallaskíðafólki sem hefur nýtt þann snjó sem kom í lok október til hins ýtrasta. Nú ber þó svo við að veðurspár lofa hvítum jólum fram undan og að jafnvel geti bætt töluvert á snjóinn næstu daga og fram yfir nýárið.“



Fjallaskíðin opna á svo miklu stærra og skemmtilegra leiksvæði því hægt er að fara um allt land og skíða að sögn Halldórs Hreinssonar hjá Fjallakofanum.



Halldór Hreinsson í góðum félagsskap á fallegum degi á fjöllum.

## Gott úrval vara

Fjallakofinn býður upp á fjölmargar vörur sem tengjast þessari stórskemmtilegu íþrótt, segir Halldór. „Fyrir það fyrsta erum við með skíðin frá Völkl sem hafa verið að hasla sér völl hérlendis síðustu ár. Þetta er þýskur framleiðandi sem er orðinn einn af stærstu framleiðendum á skíðum í heiminum með gríðarlega breiða línu, allt frá skíðum fyrir almenning og keppendur upp í skíði fyrir fjallaskíða- og utanbrautaskíðamenn.“

Aðspurður um helstu nýjungar segir Halldór að mikil þróun hafi átt sér stað síðasta áratug í skíðabúnaði eftir að svokölluð „carving“ tækni fór að ryðja sér til rúms. Þróunin hafi ekki síst verið mikil í stífleika og sveigju og breidd skíðanna sem hefur líka breytt skíðatækninni. „Nú fást orðið ótrúlega létt og skemmtileg skíði með fisléttum fjallaskíðabindingum sem henta jafnt í púðursnjó og hörðu færi en þetta tvennt hefur oft ekki farið saman. Öll þessi þróun hefur breytt skíðasportinu gríðarlega mikið og opnað okkur skíðadellufólkinu algjörlega nýjar víddir í skíða- og ferðamennsku,“ segir Halldór skælbrosandi að lokum.



Að renna sér niður ósnerta mjöll þar sem fáir eða engir hafa skíðað áður er frábært, ekki síst eftir að hafa unnið sér inn fyrir því með því að ganga á toppinn.

# 20% afsláttur af kjólum til jóla



Kjóll st. 40-44
verð nú 12.790 kr.



Kjóll st. 40-44
verð nú 14.390 kr.



Kjóll st. 38-44
verð nú 12.790 kr.



Kjóll ein stærð
verð nú 7.990 kr.



Kjóll st. 40-48
verð nú 9.990 kr.



Kjóll st. 40-44
verð nú 13.590 kr.



Kjóll st. 38-44
verð nú 14.390 kr.

Fleiri myndir á Facebook

FLASH

**Laugaveg 54,**
**sími: 552 5201**



Kjóll st. 40-44
verð nú 15.990 kr.



IÐA -bókakaffi Vesturgata 2a 101 Rvk.
Opið til 22 alla daga.


# Saumar jólapoka úr gömlum gardínuköppum

**Erla Guðjónsdóttir ákvað að sauma fallega jólapoka undir jólagjafirnar í staðinn fyrir að pakka þeim inn í jólapappír. Jólapokana má nota ár eftir ár.**



Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is


Ég ákvað að sauma jólapoka utan um jólagjafirnar í ár í þeim tilgangi að minnka sorpið og reyna að stuðla að endurnýtingu. Þessir jólapokar eiga annaðhvort að vera áfram hjá þeim fjölskyldum sem fá þá eða ég fæ þá aftur og þá fær viðkomandi jólagjöf í sama pokanum á næsta ári," segir Erla Guðjónsdóttir, sem er mörgum að góðu kunn sem skólastjóri Öldutúnsskóla í Hafnarfirði en hún er nú komin á eftirlaun.

## Gardínukappar úr Rauða krossinum

„Undanfarið hef ég aðallega saumað jólapokana úr gömlum gardínuköppum sem ég keypti í verslun Rauða krossins. Ég spretti þeim upp, þvæ þá og sníð til og sauma svo pokana sem ég forma eftir mynstrinu. Ég vil helst endurnýta textíl en hef þó líka saumað jólapoka úr nýju efni. Pokarnir úr gardínuköppunum koma mjög skemmtilega út og gamlir jóladúkar eru einnig upplagðir í svona poka. Það er nóg til af slíku efni hjá Rauða krossinum, Góða hirðinum, Kristniboðssambandinu og öðrum verslunum sem selja notaðan textíl," segir Erla glöð í bragði.

## Endurnýting kom af sjálfu sér

Þegar Erla er spurð hvort hún hafi áður saumað jólapoka af þessu tagi segir hún að svo sé. „Ég saumaði einu sinni poka úr hvítu lérefti og skreytti þá með grænum borða. Þá var endurnýtingin ekki svona ofarlega í huga mér heldur var hugsunin meira að gera eitthvað öðruvísi og hafa stíl yfir jólagjöfunum. Þeir pokar voru svo endurnýttir en það kom einhvern veginn af sjálfu sér. Þetta þýðir líka að maður situr ekki á aðfangadagskvöld með svarta ruslapoka, fulla af plastpakkaböndum og jólapappír sem stundum er óendurvinnanlegur. Það er svo margt jákvætt við þetta," segir Erla brosandi.

Hún er ekki lengi að sauma hvern poka og mælir heilshugar með að þeir sem hafa tök á saumi poka af þessu tagi. En hugar Erla að endurnýtingu almennt? „Já, það hafði áhrif á mig að dóttir mín fór markvisst að vinna að því að minnka heimilissorp og nýta hlutina betur og það stóð mjög nálægt mér. Ég er alin upp á heimili þar sem mikil áhersla var á að nýta alla hluti vel og helst aftur og aftur eins og hægt var, eins og t.d. plastpoka og pappír. Ég nota hvern plastpoka margoft og hef alltaf margnota poka með mér í verslanir. Eftir plastlausan september finn ég góð viðbrögð við því að nota helst ekki plast. Við erum á góðri leið og mér finnst þetta góð þróun."

Hvað jólagjafir varðar segist Erla forðast að kaupa gjafir sem eru pakkaðar inn í mörg lög af plasti og pappír. „Ég sniðgeng slíka hluti. Ef ég hef verið að hugsa um eitthvað sérstakt og það er í mörgum lögum af umbúðum sleppi ég að kaupa það og finn eitthvað annað. Þær gjafir sem ég hef sett í taupokana hef ég tekið úr umbúðunum og sett beint í þá. Ég verð þó að vera viss um að viðkomandi ætli ekki að skipta gjöfinni," segir Erla sem ætlar að hafa það rólegt og gott um jólin, lesa bækur og fara í fjölskylduboð.


Gardínukappar og jóladúkar fá nýtt líf í meðförum Erlu. MYNDIR/STEFÁN


„Ég er alin upp á heimili þar sem mikil áhersla var á að nýta alla hluti vel og helst aftur og aftur eins og hægt var, eins og t.d. plastpoka og pappír," segir Erla.

> **„Ef ég hef verið að hugsa um eitthvað sérstakt og það er í mörgum lögum af umbúðum sleppi ég að kaupa það og finn eitthvað annað. Þær gjafir sem ég hef sett í taupokana hef ég tekið úr umbúðum og sett beint í þá.**


HUMARSÚPA
Súpan er fulleldud og aðeins þarf að hita hana upp


Við notum ekki MSG í súpuna okkar.
Hún fæst í öllum helstu matvöruverslunum og stórmörkuðum landsins.

Ný og glæsileg verslun í Hamraborg
Við erum með veipur (rafrettur), vökva og aðra fylgihluti í miklu úrvali
Opnunartími:
Mán. til fös. 10 til 22
Laug. 12 til 20
Sun. 12 til 18
18 ára aldurstakmark
Pokan VAPE SHOP
Hamraborg 14a, 200 Kópavogi

# JÓLA OG ÁRAMÓTAKJÓLAR Í STÆRÐUM 42-58

Sjáðu úrvalið í netverslun www.curvy.is
eða komdu í verslun okkar að Fákafeni 9




























## JÓLAOPNUN Í VERSLUN CURVY AÐ FÁKAFENI 9

15 - 22 DESEMBER ........................ 11-20
ÞORLÁKSMESSA ............................ 11-21
AÐFANGADAGUR ............................... 11-13

SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND

Curvy.is

Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is

# Hví höfðu víkingar yfirburði?

## Víkingar ógnuðu norðurhluta Evrópu í um 250 ár og mörkuðu djúp spor í þjóðarsálir Evrópu. En hvernig tókst þeim að halda stórum hluta Evrópu í heljargreipum ótta svo lengi?

**Oddur Freyr Þorsteinsson**
oddurfreyr@365.is



Víkingar voru hernaðarafl á miðöldum og skelfdu íbúa Norður-Evrópu með fyrirvaralausum árásum á saklausa borgara á stöðum sem voru ekki taldir berskjaldaðir. Það voru ýmsar ástæður fyrir hernaðaryfirburðum víkinga á þessum tíma og Else Roesdahl, prófessor í fornleifafræði miðalda við Árósaháskóla, útskýrði þær helstu í nýlega í viðtali við vefmiðilinn sciencenordic.com.

Roesdahl benti á að víkingar unnu alls ekki alla sína bardaga. Gamlar ritheimildir og fornleifar sýna að þeir töpuðu oft og urðu stundum fyrir miklu mannfalli. Til dæmis hafa fundist fjöldagrafir víkinga, sem bera þögult vitni um misheppnaðar árásir.

Samt sem áður náðu víkingar oft miklum árangri og rændu bæði musteri, þorp og borgir.

Eitt af því sem víkingarnir nýttu sér var mikill hreyfanleiki. Langskip þeirra gátu bæði siglt yfir haf og upp árfarvegi, svo þeir gátu komist fram hjá herliði á landi og birst fyrirvaralaust á stöðum sem voru lítið varðir.

Víkingar höfðu líka víðtæk sambönd sem gerðu þeim kleift að vita hvenær og hvar var heppilegast að gera árás. Á miðöldum voru þjóðríki eins og við þekkjum í dag ekki til og lönd skiptust í margar minni valdaeiningar sem áttu í átökum innbyrðis. Þetta nýttu víkingar sér. Þeir fengu upplýsingar frá heimamönnum, njósnuðu um fórnarlömb sín, gerðu bandalög við óvini þeirra og gerðu árásir þegar varnarliðið var upptekið í átökum annars staðar. Roesdahl segir að það megi glöggt sjá að víkingarnir vissu nákvæmlega hvaða ríki voru sterk og hver ekki.



Víkingar voru stórhættulegur og ógnvekjandi óvinur á sínum tíma. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

Víkingar voru líka sérlega vel vopnaðir. Bæði vopnin og brynjurnar voru meðal þess besta sem fyrirfannst á þessum tíma. Þeir beittu líka umsátursvélum eins og valslöngvum og múrbrjótum gegn byggðum sem voru umkringdar múrum.

Víkingar voru vel skipulagðir og agaðir. Hugmyndin um víkinga sem sigla upp að strönd, stökkva frá borði og hlaupa inn í næsta bæ með sverð á lofti eru ekki byggðar á raunveruleikanum, segir Roesdahl. Árásirnar voru líklega vandlega skipulagðar og framkvæmdar, hvort sem um minni ránshópa eða stóra heri var að ræða, segir hún.

> **Víkingar voru öflugir stríðsmenn sem lögðu mikla áherslu á að kunna að fara með vopn og berjast og óttuðust ekki dauðann.**

Víkingar voru öflugir stríðsmenn sem lögðu mikla áherslu á að kunna að fara með vopn og berjast og óttuðust ekki dauðann, þannig að þeir voru erfiðir og hugrakkir andstæðingar. Fátt færði meiri sæmd en að deyja á vígvelli og fara til Valhallar. Hvort þetta hafi átt við hvern einasta einstakling er erfitt að segja, en þetta var í það minnsta orðspor þeirra og það eitt hefur skotið mörgum skelk í bringu og um leið minnkað áhuga þeirra á að mæta víkingum í bardaga.

Með tímanum aðlöguðust Evrópubúar árásum víkinga og byggðu meðal annars varnarbrýr yfir fljót sem stöppuðu langskipin og komu í veg fyrir að víkingar gætu nýtt sér hreyfanleika sinn.

Á endanum eignuðust víkingar lönd og settust þar að. Þeir tóku sum löndin með valdi, önnur fengu þeir í friðarviðræðum og enn önnur fengu þeir gegn því að verja þau gegn öðrum víkingum. Með tímanum hættu þeir því ránsferðum og tóku upp nýja lifnaðarhætti, eftir að hafa valdið skelfingu í Norður-Evrópu í um 250 ár.






| | Þorláksmessa | Aðfangadagur | Jóladagur | Annar í jólum | Gamlársdagur | Nýársdagur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 23. des | 24. des | 25. des | 26. des | 31. des | 1. jan |
| Árbæjarlaug | 09.00-18.00 | 09.00-13.00 | Lokað | 12.00-18.00 | 09.00-13.00 | Lokað |
| Breiðholtslaug | 09.00-18.00 | 09.00-13.00 | Lokað | Lokað | 09.00-13.00 | Lokað |
| Grafarvogslaug | 09.00-18.00 | 09.00-13.00 | Lokað | Lokað | 09.00-13.00 | Lokað |
| Klébergslaug | 11.00-15.00 | 10.00-13.00 | Lokað | Lokað | 10.00-13.00 | Lokað |
| Laugardalslaug | 08.00-18.00 | 08.00-13.00 | Lokað | 12.00-18.00 | 08.00-13.00 | 12.00-18.00 |
| Sundhöllin | 08.00-18.00 | 08.00-13.00 | Lokað | 12.00-18.00 | 08.00-13.00 | 12.00-18.00 |
| Vesturbæjarlaug | 09.00-18.00 | 09.00-13.00 | Lokað | 12.00-18.00 | 09.00-13.00 | Lokað |
| Ylströnd | 11.00-16.00 | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | 11.00-15.00 |

Sími: 411 5000 • www.itr.is



Heitir og sætir drykkir eiga vel við á köldum desemberkvöldum.

## Hvítt súkkulaði á hvítum jólum

Rjúkandi heitt súkkulaði með kanil er með því jólalegra. Ef jólin verða hvít í ár er tilvalið að hella upp á hvítt súkkulaði og skríða undir teppi.

**6 bollar matreiðslurjómi**
**1⅓ bolli hvítir súkkulaðidropar**
**2 kanilstangir**
**¼ tsk. kanilduft**
**Sletta af múskati**
**3 tsk. vanilluextrakt**

Hellið ½ bolla af rjóma í pott. Sturtið súkkulaðidropunum út í, kanilstöngum, kanildufti og múskati út í pottinn. Stillið á lágan hita og hrærið í þar til súkkulaðið er bráðið. Hellið þá restinni af rjómanum út í og látið hitna vel en ekki sjóða. Takið af hellunni, veiðið kanilstangirnar upp úr og hrærið vanilluextraktinu saman við. Hellið í könnur og berið fram. Dugir fyrir átta.
*tasteofhome.com*



Friðargangan hefst kl. 18 og verður farið frá Hlemmi. MYND/STEFÁN

## Þorláksmessuganga

Líkt og undanfarin 37 ár mun samstarfshópur friðarhreyfinga efna til Þorláksmessugöngu á morgun.

Að þessu sinni verður gengið til stuðnings baráttunni gegn kjarnorkuvopnum. Safnast verður saman á Hlemmi frá kl. 17.45 og verður gengið af stað kl. 18.00. Friðarhreyfingarnar selja göngufólki friðarljós við upphaf göngunnar á Hlemmi. Í ár verður hægt að kaupa kertalaga LED-ljós eða friðarkyndil frá Landsbjörg.

Í lok göngunnar verður útifundur á Austurvelli þar sem Árni Hjartarson jarðfræðingur flytur ávarp. Söngfólk úr Hamrahlíðarkórnum undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur og Kór Menntaskólans við Hamrahlíð undir stjórn Hreiðars Inga Þorsteinssonar munu leiða gönguna og syngja bæði á leiðinni og í lok útifundarins.

Friðargöngur verða einnig haldnar á Ísafirði kl. 18 og á Akureyri kl. 20.

# Taíland er vinsælt um jólin

Samkvæmt könnun sem gerð var í Noregi eru margir landsmenn utanlands um jólin. Aukningin virðist mikil milli ára. Heitu löndin eru vitaskuld langvinsælust, líkt og meðal Íslendinga. Meðan við flykkjumst til Kanaríeyja um jólin fara flestir Norðmenn til Taílands. Efst á listanum yfir vinsælustu staði til að dvelja um jólin er Bangkok. Þá kemur Dúbaí sterkt inn og Srí Lanka sem er nýr áfangastaður Norðmanna. Srí Lanka býður upp á spennandi ævintýraheim og fallega náttúru í góðum hita. Þá er eyjan Balí vinsæl, Marokkó, Singapúr, Víetnam og Cancun í Mexíkó. Svo virðist sem ferðum til Taílands hafi fjölgað um 30% á árinu. Gran Canaria og Tenerífe eru enn vinsælir áfangastaðir en eru á undanhaldi.

Það að Norðmenn flykkist til Taílands er talin vera veik norsk króna. Það er ódýrt að lifa í Taílandi. Ferðaskrifstofur hafa fjölgað Asíuferðum til að koma til móts við óskir viðskiptavina.



Það er ljúft að vera í Taílandi um jólin.




# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

Bílalíf



**FLOTT VERÐ !**
VOLVO V60 D2. Árg.2015,ek.129.þús km, dísel,sjálfskiptur.Verð 2.890.000. Rnr.247527,á staðnum.562-1717.

**Bílalíf**
**Kletthals 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum og viðhaldi á ofnakerfum. Uppl. í s. 778 1604

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASIMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

### Til sölu



Þjóðlagagítarpakki. Kr. 23.900,- Gítar, poki, ól, auka strengjasett stillitæki og kennsluforrit. Opið alla daga til jóla. Gítarinn ehf Stórhöfða 27, S: 552 2125 www.gitarinn.is

HUMARSALAN

Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www. humarsalan.is Pöntunarsími: 867 6677

## Skemmtanir




Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**LEIKIR HELGARINNAR:**
**Föstudaginn 22. des**
**19:00 Arsenal - Liverpool**
**Annar í jólum 26. des** (opið 13-01)
**14:50 Man. United - Burnley**
**17:20 Liverpool - Swansea**
**18:30 Chelsea - Brighton**

**Hljómsveitin Trap**
Rúnar Þór, Reynir Guðmunds, Rúnar Vilbergs og Örn Jóns.
spila á föstudagkvöldið frá kl. 00 - 03



Gullnáman

**Heitur matur í hádeginu alla virka daga • Boltatilboð • Happy hour • Lifandi tónlist allar helgar**

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

SAFT

# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

## Til sölu





JS LJÓSASMIÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661


Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.


MERINO ULLARNÆRFÖT




MERINO ULLARNÆRFÖT
Mjúk og hlý nærföt
í störf og leik
100% merino ull
stærðir S - XXL

Vesturröst
Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is


## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

## Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

Til leigu 3ja herb íbúð í Keflavík 80fm í langtímaleigu. Ekkert dýrahald. Laus strax. Uppl. í s. 893 9777

## Atvinnuhúsnæði

**HÚSNÆÐI TIL LEIGU:**
165 fm húsnæði á götuhæð að Nýbýlavegi 8 með inngang og glugga að Nýbýlavegi. Húsnæðið hefur verið nýtt undir matvælaframleiðslu, og hentar afar vel undir veitingastað eða matvælaframleiðslu.
**Nánar: hafsteinn@ lundurfasteignir.is**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com




FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum
**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

**Kalkþörunganám í Miðfirði, Húnaþingi vestra**

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **22. 1. 2018.**

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum
**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

**Efnistaka í landi Sléttu í Reyðarfirði**

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **23. janúar 2018.**

### Auglýsing um skipulagsmál í Mýrdalshreppi

### Skipulags og byggingarfulltrúi

Í samræmi við 30.gr.skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst kynning á lýsingu aðalskipulagsbreytingar.

**Lýsing að breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 – Þéttbýlisuppdráttur**

Unnin hefur verið lýsing og drög af breytingu aðalskipulags Mýrdalshrepps 2012-2028. Í breytingunni felst stækkun á íbúðarsvæði ÍS2 til norðurs eftir Mýrarbraut, skilgreining á nýju athafnasvæði A3 fyrir björgunarmiðstöð norðar Mýrarbrautar og breytingu á reit Þ3 svæði fyrir þjónustustofnanir sem verður breytt að hluta til í verslunar og þjónustusvæði.

Lýsing skipulagsverkefnis liggur frammi hjá fulltrúa skipulags-og byggingarmála í Mýrdalshreppi Austurvegi 17, 870 Vík og á heimasíðu Mýrdalshrepps www.vik.is. Opið hús verður hjá fulltrúa skipulags-og byggingarmála á skrifstofu Mýrdalshrepps þann 4.1.2018 á milli kl. 13-15 þar sem hægt verður að koma á framfæri ábendingum og fá svör við spurningum. Athugasemdafrestur við lýsingu þessa er til 5.janúar. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu Mýrdalshrepps, Austurvegi 17, 870 Vík eða á netfangið bygg@vik.is.

***Vigfús Þór Hróbjartsson***
***Skipulags og byggingarfulltrúi***
***Mýrdalshreppur***

## Skötuveisla


# Skötuveisla
## á Cafe Catalinu

*Að venju verðum við með hið margrómaða vestfirska skötuhlaðborð á Þorláksmessu.*

**Stórskata • Saltfiskur**
**Plokkfiskur • Rófur**
**Kartöflur • Hamsatólg**
**Hnoðmör • Smjör • Rúgbrauð**
**Kaffi og konfekt**



**Hlaðborð í hádeginu frá kl. 11:30-14:00**
**og um kvöldið frá kl. 18:00-20:00**
**Húsið opnar kl. 11:00**



Cafe Catalina

**Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is**

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is



# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR




**Philips PUS6482**
Ultra HD LED snjallsjónvarp með 4K 3840x2160 upplausn ásamt 3 hliða Ambilight og Micro Dimming Pro baklýsingu. Android 6.0 stýrikerfi og innbyggt Netflix í 4K. 3 USB og 4 HDMI tengi.

**49"** VERÐ **119.995** FRÁBÆRT VERÐ

**55"** VERÐ **129.995** FRÁBÆRT VERÐ

**2 MÁNAÐA ÁSKRIFT AF SKEMMTI-PAKKANUM Á STÖÐ 2 FYLGIR MEÐ!**




**PHILIPS HUE perur og 2 Gamepad stýripinnar fylgja!**




**United LED32X17T2**
Hagkvæmt 32" tæki sem hentar vel í smærri rými t.d. eldhús eða svefnherbergi. 1366x768 punkta upplausn með 3 HDMI tengjum og hótelstillingu.

VERÐ **29.995** FRÁBÆRT VERÐ

SOUNDBAR
**HEIMABÍÓ**

LG Life's Good



**LG SH3B**
2.1 Soundbar með 300W magnara og Auto Sound Engine hljóðvinnslu ásamt 200W þráðlausum bassahátalara. Með Sound Sync Wireless, Bluetooth 4.0 og Adaptive Sound Control. Hentar fyrir 43" sjónvörp eða stærri.

TILBOÐ **19.995** FULLT VERÐ 24.995



JBL

*FJÖLDI LITA*

**JBL GO**
Lítill og nettur JBL GO hátalari með góðum hljómi og þráðlausri bluetooth tengingu. Alt að 5 klst. Ending á rafhlöðu.

VERÐ **2.795** FRÁBÆRT VERÐ



MELISSA

**Melissa 16270018**
Sniðugt og nett eggjasuðutæki fyrir allt að 7 egg. Gefur hljóðmerki að suðutíma loknum og slekkur sjálfvirkt á sér.

VERÐ **2.995** FRÁBÆRT VERÐ



MELISSA

**Melissa 16210062**
Léttur og einfaldur töfrasproti með þægilegu handgripi. Hentar fyrir sósur og súpur – 1 hraði. 350ml hakkari og 0,7L skál fylgja. Auðvelt að þrífa.

VERÐ **3.995** FRÁBÆRT VERÐ



MEDISANA

**Medisana 79466**
PowerRoll nuddrúlla sem nuddar dýpra og gefur betri vöðva örvun með 4 styrkleika titringi. Innbyggðar Lithium-Ion rafhlöður sem endast í allt að 180 mín. Slekkur á sér sjálfkrafa eftir 10 mín.

VERÐ **11.995** FRÁBÆRT VERÐ



## SensoRed PANNAN BYLTINGARKENNDA

Yfirborð SensoRed pönnunar þegar hún er köld er vínrautt með dökkvínrauðu punktamynstri. Þegar pannan hefur náð kjörhitastigi fyrir eldun dökknar hún í sama lit og punktarnir. Hentar á allar gerðir helluborða og hefur viðloðunarfrítt yfirborð. Fáanleg í þremur stærðum og sem Wokpanna.

Fissler. Perfect every time.

°SensoRed®




**VERÐ FRÁ 8.995**



OBH NORDICA

**OBH 7097**
Létt og þægileg cyclonic handryksuga með 10 mínútna notkun í fullri hleðslu. Getur ryksugað bæði blautt og þurrt.

TILBOÐ **5.995** FULLT VERÐ 7.995

iRobot



**iRobot 895**
Ryksuguvélmenni með AeroForce kerfi sem hreinsar allt að 50% betur. iRobot HOME appi fyrir snjallsíma. iAdapt gervigreind. Fer sjálf í heimastöð og hleðslu. Hægt að tímastilla þrif viku fram í tímann og sýndarveggur/hringur fylgir með.

TILBOÐ **99.995** FULLT VERÐ 109.995




**Heimilistæki** ht.is

**OPIÐ TIL 22 ALLA DAGA FRAM AÐ JÓLUM OG TIL 23 Á ÞORLÁKSMESSU**

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elsku móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**Sigurbjargar Hreiðarsdóttur**
frá Garði.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólkinu á Lundi, Hellu, fyrir einstaka umhyggju og hlýju í hennar garð og okkar allra. Guð gefi ykkur gleðileg jól.

**Helga R. Einarsdóttir — Sigurdór Karlsson**
**Örn Einarsson — Marit Einarsson**
**Björn Hr. Einarsson — Margrét Óskarsdóttir**
**Hallgrímur Einarsson — Elísabet Reynisdóttir**
**Eiður Örn Hrafnsson — Hrönn Sigurðardóttir**
**og ömmubörnin öll.**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Mörtu Kristínar Stefánsdóttur**
frá Heiði í Mývatnssveit.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Björg Wessing — Sigrún Sigurðardóttir**
**Rebekka Sigurðardóttir**



Innilegar þakkir fyrir samúðarkveðjur og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Ingibjargar Ólafsdóttur**
dvalarheimilinu Höfða, Akranesi.

Guð gefi ykkur öllum gleðilega jólahátíð.

**Indriði Valdimarsson — Sigurlaug Guðmundsdóttir**
**Ása María Valdimarsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristjana Halla Ingólfsdóttir**
frá Kirkjubóli,
Dalbraut 14, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi þriðjudaginn 12. desember. Útför hennar fer fram frá Áskirkju fimmtudaginn 28. desember klukkan 13.00.

**Grímur Benediktsson**
**Benedikt G. Grímsson**
**Anna Inga Grímsdóttir — Svanur Ingimundarson**
**Gunnar Rúnar Grímsson — Ragna Þóra Karlsdóttir**
**Smári Gunnarsson — Stephanie Thorpe**
**Grímur Gunnarsson**
**Sara Benediktsdóttir — Albert Valur Albertsson**
**Lilja Karen Albertsdóttir**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Guðrúnar Matthildar Sigurbergsdóttur**
Skólavegi 22, Keflavík.

Jafnframt sendum við ykkur öllum hugheilar jóla- og nýárskveðjur.

**Jón Björgvin Stefánsson**
**Sigurberg Jónsson — Dagbjört Nanna Jónsdóttir**
**Stefán Jónsson — María Sigurðardóttir**
**Jóhanna Jónsdóttir**
**Ásbjörn Jónsson — Auður Vilhelmsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Stoltastur af Kötlu jarðvangi

Háskólafélag Suðurlands fagnar 10 ára afmæli um þessar mundir en félagið var stofnað á vegum sveitarfélaganna á Suðurlandi 19. desember 2007. Sunnlenskum sveitarstjórnum þótti landshlutinn afskiptur varðandi stuðning við uppbyggingu háskólaþjónustu á landsbyggðinni og ákváðu þær því að stofna sérstakt félag í sinni eigu. Markmið félagsins eru þríþætt, eða að bæta aðgengi að menntun í landshlutanum, einkum á háskólastigi, stuðla að auknu samstarfi og samþættingu menntunar, rannsókna og fræðastarfs og taka þátt í verkefnum sem stuðla að byggðaþróun og nýsköpun á svæðinu.

Sigurður Sigursveinsson hefur verið framkvæmdastjóri Háskólafélagsins í þessi 10 ár. „Við erum stolt yfir þeim árangri sem félagið hefur náð. Af einstökum verkefnum erum við kannski stoltust af Kötlu jarðvangi, Katla UNESCO Global Geopark, en það verkefni var þróað af Háskólafélaginu og rekið undir handarjaðri þess fyrstu árin. Þá áttum við um árabil vel heppnað samstarf við Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands á Selfossi í jarðskjálftaverkfræði um alþjóðleg sumarnámskeið, gott dæmi um samstarf þar sem allir aðilar hafa ávinning af samstarfinu," segir Sigurður.

Í Fjölheimum á Selfossi rekur félagið þekkingarsetur. Þar starfa tæplega þrjátíu háskólamenntaðir sérfræðingar hjá 12 stofnunum og félögum. „Þá höfum við undanfarin misseri unnið að ráðgjöf fyrir Samtök sunnlenskra sveitarfélaga á sviði nýsköpunar, atvinnuþróunar og menningarmála auk vinnu við Sóknaráætlun Suðurlands," segir Sigurður og bætir við að félagið hafi verið virkt í erlendu samstarfi, nú í vor lauk til dæmis tveggja ára Erasmus+ verkefni sem félagið stýrði um þróun náms varðandi stjórnun og nýsköpun í ferðaþjónustu og þær fréttir voru að berast að það hefði verið útnefnt sem fyrirmyndarverkefni á þeim vettvangi.



**Stjórn Háskólafélags Suðurlands, frá vinstri: Olga Lísa Garðarsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Sigurður Þór Sigurðsson, Dagný Magnúsdóttir, Helga Þorbergsdóttir, Sveinn Aðalsteinsson formaður og Sigurður Sigursveinsson framkvæmdastjóri.**
FRÉTTABLAÐIÐ/MAGNÚS HLYNUR

mhh@frettabladid.is



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýnt hafa okkur hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og sonar,

**Andrésar Kristins Hjaltasonar**
byggingaverktaka,
Reykjanesbæ.

Guð gefi ykkur öllum gleðileg jól og farsælt komandi ár.

**Jóhanna María Einarsdóttir**
**Erla María Andrésdóttir — Haraldur Arnarson**
**Laufey Ósk Andrésdóttir — Þorvarður Ólafsson**
**Einar Örn Andrésson — Ástríður Halla Jóhannsdóttir**
**Andrés Kristinn Haraldsson — Emelía Rún Þorvarðardóttir**
**Erla María Andrésdóttir — Hjalti Guðmundsson**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

**Gunnar Erling Hólmar Jóhannesson**
smiður,
Álfheimum 3,

varð bráðkvaddur á heimili sínu 11. desember. Útför hans fer fram frá Áskirkju 2. janúar klukkan 13.00.

**Róbert Gunnarsson — Guðmunda Lilja Gunnarsd.**
**Þorbjörg Gunnarsdóttir — Ólafur Jónsson**
**Sigríður Laufey Gunnarsd. — Andri Lúthersson**
**Hjördís Ýr, Elín Margrét, Ísak, Tómas Karl,**
**Júlía Birna og Mikael og systkini hins látna.**



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Hlöðvers Oddssonar**
offsetprentara,
Sóleyjarima 21.

**Birna Júlíusdóttir**
**Kristján Hlöðversson — Þórdís Ívarsdóttir**
**Guðríður Hlöðversdóttir — Magnús Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Elskuleg dóttir mín og systir okkar,

**Svana Fjóla Hilmarsdóttir**

varð bráðkvödd föstudaginn 8. desember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Hilmar Bjarnason**
**Ingvar Örn Hilmarsson**
**Birna Svanhvít Hilmarsdóttir**



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Oddný Erla Oddsteinsdóttir**

lést miðvikudaginn 20. desember. Hún verður jarðsungin frá Sauðárkrókskirkju þann 29. desember kl. 14.00.

**Snæbjörn Guðmundsson**
**Alma Ragnheiður Guðmundsdóttir**
**Snjólaug Guðmundsdóttir**
**tengdabörn, barnabörn,**
**barnabarnabörn.**

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Tómas Helgason**

lést á Borgarspítalanum sunnudaginn 3. desember. Útför hans verður gerð frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 27. desember klukkan 13. Þeim, sem vildu minnast hins látna, er bent á Geðverndarfélag Íslands.

**Helgi Tómasson — Anna Sigurmundsdóttir**
**Þór Tómasson — Gunnhildur Þórðardóttir**
**Kristinn Tómasson — Þorbjörg Jóh. Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Esther Garðarsdóttir**
ljósmóðir,

til heimilis að Hrafnistu í Hafnarfirði, andaðist 28. nóvember sl. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

**Íris Alda Stefánsdóttir — Heimir V. Pálmason**
**Pétur Hafsteinn Stefánsson — Áslaug Sigurðardóttir**
**Rúna Gerður Stefánsdóttir — Helgi Ó. Víkingsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Ólafía Jónsdóttir**
frá Norðurgarði í Mýrdal,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold föstudaginn 15. desember. Útförin fer fram í Garðakirkju fimmtudaginn 28. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á hjúkrunarheimilið Ísafold.

**Magnús Þór Hilmarsson — Anna Ingólfsdóttir**
**Gunnar Jón Hilmarsson — Hildur Ingibjörg Sölvadóttir**
**Guðni Björnsson — Snjólaug Benediktsdóttir**
**Friðbjörn Björnsson — Valgerður Sigurðardóttir**
**Rannveig Björnsdóttir — Diðrik Á. Ásgeirsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

# CINTAMANI

jólagjöfin í ár




01 ~ DRÍFA dúnúlpa **69.900 ISK**
02 ~ DYNGJA húfa **4.900 ISK**
03 ~ LAKI vettlingar **3.900 ISK**
04 ~ SÚLD dömu leggings **11.900 ISK**
05 ~ VINDKUL dömu bolur **13.900 ISK**
06 ~ FÖNN dömu dúnkápa **69.900 ISK**
07 ~ KRAPI hanskar **8.990 ISK**

08 ~ HJARN dömu dúnjakki **49.900 ISK**
09 ~ ASKJA húfa **3.900 ISK**
10 ~ BYLUR herra dúnúlpa **69.900 ISK**
11 ~ LOGO HAT húfa **2.900 ISK**
12 ~ GARRI herra jakki **59.900 ISK**
13 ~ SKAFL herra jakki **49.900 ISK**
14 ~ GUNNAR herra ullarbolur **15.900 ISK**
15 ~ LANGBRÓK unisex ullarbuxur **13.990 ISK**

markhönnun ehf

# nettó




**BJÓR & VÍN**
**4.199** KR STK




**FLÓTTINN HANS AFA**
DAVID WALLIAMS
**2.879** KR STK




**MISTUR**
RAGNAR JÓNASSON
**4.479** KR STK




**RÚNA - ÖRLAGASAGA**
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON
**4.479** KR STK




**SYNDAFALLIÐ**
MIKAEL TORFASON
**4.549** KR STK




**SÖNGLÖGIN OKKAR**
JÓN ÓLAFSSON
**3.899** KR STK




**STÓRA BÓKIN UM SOUS VIDE**
VÍÐIR SIGURÐSSON
**6.499** KR STK




**SAGA ÁSTU**
JÓN KALMAN STEFÁNSSON
**4.689** KR STK




**MATARÁST**
NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR
**4.543** KR STK




**MINN TÍMI**
PÁLL VALSSON
**4.868** KR STK


**Tilboðin gilda 22. - 24. desember 2017 www.netto.is**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

## Rokk, ról og ræningjar

**BÆKUR**

**Bieber og Botnrassa**
★★★☆☆

**Höfundur:** Haraldur F. Gíslason
**Útgefandi:** Bjartur
**Prentun:** Printon, Eistlandi
**Síðufjöldi:** 310
**Kápuhönnun:** Halldór Baldursson

Ekki láta kápuna, og hvað þá titilinn, gabba ykkur. Bieber og Botnrassa fjallar alls ekki um Justin Bieber eða aðra fræga tónlistarmenn, nema rétt í bakgrunninum, og ungmennin sem handfjatla hljóðfæri á síðum bókarinnar eru mun hressari og meira heillandi en þau eitursvölu sem skreyta kápuna. Og þó svo aðalsöguhetjurnar taki þátt í hljómsveitakeppni í Hörpu og vonist til að fara með sigur af hólmi og fá að hita upp fyrir sjálfan Bieberinn er hér fyrst og fremst um að ræða glæpasögu fyrir stálpaða krakka og unglinga.

Glæpurinn snýst um eiturlyfjasmygl sem móðir einnar aðalpersónunnar hefur verið sakfelld fyrir. Andrea og vinir hennar ákveða að ná fram réttlætinu, á milli þess sem þau semja ódauðlegan rokksmell og troða upp í Hörpu. Inn í þetta flækjast skólastarfsmenn og ýmsir sem tengjast hljómsveitakeppninni. Meintur glæpur er þó ekki eini glæpur bókarinnar og flækjan er nokkuð flókin en gengur furðu vel upp.

Aðalsöguhetjurnar eru allar í hljómsveitinni Botnrössu en best kynnumst við Andreu og hennar fjölskyldu og því kemur ekki á óvart að þær eru best mótuðu persónur sögunnar. Persónusköpun er að öðru leyti fremur grunn og einkum hefði mátt vanda betur til verka þegar kemur að „vondu köllunum“ svokölluðu. Textinn er almennt ágætur þótt samtöl séu á stöku stað ansi stirð og stundum falla tilraunir höfundar til að falla að smekk ungra lesenda um sig sjálfar. Við þetta má bæta að tilraunir til að grípa talsmáta unglinga eru alltaf örlítið hættulegar, því það sem er í móð hverju sinni breytist hratt og áður svöl bók getur orðið óttaleg lumma. Svo þarf þó alls ekki að vera og ekki víst að það eigi við um Bieber og Botnrössu. Þetta breytir því ekki að sagan sjálf er hröð og spennandi.

Eins og margar bækur fyrir ungt fólk boðar Bieber og Botnrassa vissan siðferðisboðskap eða lærdóm og tengist hann einelti og eflaust verður sú vísa aldrei of oft kveðin að orðum og gjörðum fylgir viss ábyrgð. Uppeldisfræðilegt gildi bókarinnar nær þó aldrei að kæfa frásagnargleðina né draga úr lönguninni til að vilja komast að því hver sé hinn raunverulegi glæpon.

**Helga Birgisdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Kraftmikil glæpasaga úr íslenskum samtíma fyrir stálpaða krakka og unglinga.

LESUM UM DÝRIN
OG HEYRUM ÞAU TALA




Hvað segir kötturinn?
Og hvað segir krummi?
Þessi skemmtilega bók gerir börnunum kleift
að lesa um dýrin og heyra þau tala á sinni eigin tungu.

sögur ÚTGÁFA


Kapparnir Snorri og Högni hafa átt gjöfult samstarf. Tónleikarnir í Mengi eru aðrir jólatónleikar þeirra.

# Töfrastund í tilefni jólanna

## Snorri Ásmundsson, Högni Egilsson, Tryggvi Þór Herbertsson og Patti Smith fagna hátíðunum með tónleikum í Mengi í kvöld.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



*Þú tekur þér ýmislegt fyrir hendur, Snorri. Nú eru tónleikar í Mengi í kvöld klukkan níu. Hefurðu gert mikið að því að syngja opinberlega?* Ja, ég gaf út jólaplötu fyrir tveimur árum sem hét jólasveit og jóladýr. Það fór ekkert mikið fyrir henni, ég var svo mikið erlendis á þessum tíma.

*Ætlarðu að dusta rykið af henni núna?* Já, ég hef dálítið verið að syngja lögin af þessari plötu, hún var á sínum tíma dýrasta jólaplata sem hafði komið út, kostaði 49.900, vínylplata, gefin út í takmörkuðu upplagi. Málið er að áhuginn á þessari plötu er mikið að koma fram núna og ég er beðinn um að koma fram víða og flytja lögin af henni.

*Eru þetta lög eftir þig?* Þetta eru þekkt jólalög sem ég hef farið höndum um og fékk Árna Grétar Futuregrapher til að vinna með mér. Mögulega tek ég einhver lög af plötunni á tónleikunum í kvöld en það er samt fyrst og fremst samstarf okkar Högna sem fær að blómstra þar. Það er búið að vera mjög áhugavert. Við höfum komið nokkrum sinnum fram saman. Upphaflega var það á tribute tónleikum Davids Bowie, Prins og Demis Roussos, þess gríska. Þeir tónleikar voru í Mengi fyrir tveimur árum.

Það var svolítið merkilegt að þegar ég talaði við Högna og spurði hann hvort hann vildi vera með, tók hann mjög vel í það. Ég var þá búinn að vera með tónleika víða um heim, í Mexíkó og Ameríku sem besti píanóleikari Evrópu. Ég hef komið fram sem slíkur. Ætlaði samt að vara Högna við, það væri dálítill performans í þessu. „Þú þarft ekkert að afsaka þig. Ég veit bara að þú ert besti píanóleikari í Evrópu,“ sagði hann. Svo hringir hann í mig viku fyrir tónleikana og spyr hvort við ætlum að æfa. Ég svaraði því til að ég væri besti píanóleikari Evrópu og þyrfti ekkert að æfa. Síðan hittumst við bara degi fyrir tónleika og röbbuðum saman og teiknuðum. Það kom ótrúlegur performans út úr þessu samtali okkar. Við vorum fyrst með jólatónleika fyrir ári í Kex hosteli og svo núna þessa í Mengi.

> **HELGI BJÖRNS ÆTLAÐI AÐ VERA MEÐ OKKUR EN LENTI Í AÐ TVÍBÓKA SIG, ÞANNIG AÐ HANN ER AÐ SYNGJA Á ÖÐRUM STAÐ Í KVÖLD. ÞÓTTI ÞAÐ MJÖG MIÐUR. MÉR FANNST ENGINN KOMA TIL GREINA TIL AÐ LEYSA HANN AF NEMA PATTI SMITH.**

*Og ætlið þið bara að teikna?* Nei, nei, nei. Við erum með tónleika. Syngjum báðir og spilum. Hann er ótrúlega mikill listamaður, hann Högni. Ég gæti ekkert beðið hvern sem er að taka þátt í svona hálfgerðu uppistandi. Hann kveikir alveg á perunni með hvað ég er að fara. Við eigum ótrúlega gott og töfrandi samtal.

*Patti Smith. Hvernig kemur hún við sögu?* Hún kemur þannig til að hann Helgi Björns ætlaði að vera með okkur en lenti í að tvíbóka sig, þannig að hann er að syngja á öðrum stað í kvöld. Þótti það mjög miður. Mér fannst enginn koma til greina til að leysa hann af nema Patti Smith.

*Hvernig tókst þér að ná í hana?* Málið er að ég er ekki búinn að ná í hana ennþá. En ég er mjög góð eftirherma og ef hún nær ekki að koma í tæka tíð, þá mun ég verða staðgengill hennar og fara í búning. Ég á svo auðvelt með að tengjast og verð sál hennar í líkamanum mínum.

*Verður Tryggvi Þór Herbertsson þarna með ykkur á sviðinu?* „Já, hann er náttúrlega gamall hljóðmaður. Það var hans frægðarferill áður en hann fór í hagfræði og pólitík. Honum finnst mikill heiður að taka þátt í þessu og hugsaði sig ekki tvisvar um þegar ég bað hann. Þetta er skemmtilegt blanda og það er gaman að fólki sem er opið fyrir svona samstarfi. Þetta verður töfrastund í tilefni jólanna.“

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Opnunartími

## fram að jólum

22. des. **10:00-21:00** Föstudagur
23. des. **10:00-22:00** Þorláksmessa
24. des. **10:00-14:00** Aðfangadagur

# Gjafakort Bónus

**VINSÆLASTA JÓLAGJÖFIN Í BÓNUS**






**Gjöf sem kemur að góðum notum fyrir alla**

**Gjafakortið fæst til afgreiðslu í öllum verslunum Bónus**

**BÓNUS EKKERT BRUÐL**







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| STAR WARS 3D | KL. 4:50 - 8 - 11:10 | 12 |
| STAR WARS 2D | KL. 3:50 - 7 - 10:10 | 12 |
| STAR WARS 2D VIP | KL. 4:50 - 8 - 11:10 | VIP |
| THE DISASTER ARTIST | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| DADDY'S HOME 2 | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 6 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 3:20 - 5:40 | L |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 8 | 12 |
| THOR: RAGNAROK 2D | KL. 10:40 | 12 |

KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU
Google play
App Store

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| STAR WARS 3D | KL. 5:30 - 9 | 12 |
| STAR WARS 2D | KL. 4 - 7:30 - 10:40 | 12 |
| THE DISASTER ARTIST | KL. 8 | 12 |
| DADDY'S HOME 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 6 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| STAR WARS 3D | KL. 4:20 - 7:30 - 10:40 | 12 |
| STAR WARS 2D | KL. 10:20 | 12 |
| THE DISASTER ARTIST | KL. 8 | 12 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| STAR WARS 3D | KL. 4:20 - 7:30 - 10:40 | 12 |
| STAR WARS 2D | KL. 6 - 9:10 | 12 |
| THE DISASTER ARTIST | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 3:40 | L |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| STAR WARS 3D | KL. 5:40 - 8:40 | 12 |
| STAR WARS 2D | KL. 10:20 | 12 |
| THE DISASTER ARTIST | KL. 8 | 12 |
| DADDY'S HOME 2 | KL. 5:40 | 6 |





# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 22. DESEMBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** The KEXMas Show
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Fram koma þau Ingibjörg Elsa Turchi, Magnús Magnússon, Sigurlaug Gísladóttir sem einnig er þekkt sem Mr. Silla, Snorri Helgason, Valdimar Guðmundsson og Örn Eldjárn. Meðlimir húsbandsins hafa getið sér gott orð í hljómsveitum á borð við Babies-Flokkinn, Ylju, Múm, Valdimar, Tilbury, Snorra Helgason o.s.frv. Á lagaprógramminu verða sígræn íslensk jólalög í bland við nokkur erlend og má þar nefna Fairytale in New York, Þú komst með jólin til mín, Líða fer að jólum, Fyrir jól, This Christmas og fleiri góð.

**Hvað?** Kvöldstund með gesti á Kaffi Haiti – Alpert Ingason
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kaffi Haiti, Geirsgötu
Alpert leikur frumsamin lög og ljóð í bland við sígild dægurlög.

**Hvað?** Jazz kvartett Mikaels Mána í Mathöllinni
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hlemmur – Mathöll
Jazz kvartett Mikaels Mána spilar í Mathöllinni á Hlemmi.

**Hvað?** RuGl hlustunarparti
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu

**Hvað?** Jólastund með Gretu Salóme
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hlégarður, Mosfellsbæ
Hinir árlegu jólatónleikar Gretu Salóme verða haldnir í Hlégarði. Í fyrra komust færri að en vildu og seldist upp á örskömmum tíma. Afslappað andrúmsloft þar sem boðið er upp á notalega og umfram allt skemmtilega tónleika þar sem auk Gretu koma fram þau Gunnar Hilmarsson, Leifur Gunnarsson, Óskar Þormarsson, Unnur Birna Björnsdóttir, Lilja Björk Runólfsdóttir og Skólakór Varmárskóla.

**Hvað?** Lefty Hooks & the Right Thingz
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Dillon, Laugavegi

**Hvað?** Kvöldstund með Edda Lár og félögum
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Lesbókin Café, Akranesi
Eddi Lár leikur við hvurn sinn fingur í annað sinn á Lesbókinni, spilar jólalög o.fl. Með honum verða Pétur Sigurðsson á kontrabassa og Birgir Baldursson á trommur. Eddi Lár sér um gítar og píanóleik.

**Hvað?** Þorláksmessutónleikar Jónasar Sig og Ritvéla framtíðarinnar
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Hard Rock Café, Lækjargötu
Jónas Sig og Ritvélar framtíðarinnar eru annáluð fyrir lifandi flutning á lögum og textum Jónasar en hann hefur gefið út þrjár plötur og hafa fjölmörg lög hlotið verðskuldaða athygli og mörg ratað hátt á vinsældalista landsins.

**Hvað?** Jón Jónsson – Þessir árlegu
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bæjarbíói, Hafnarfirði
Jón hefur síðan 2013 haldið tónleika á þessum árstíma í Austurbæ en eftir að tónleikastarfseminni þar lauk lá beinast við að halda á heimaslóðir í Hafnarfirðinum. Þó tónleikarnir séu haldnir skömmu fyrir jólin eru þeir ekki eiginlegir jólatónleikar. Auðvitað svífur jólaandinn og kærleikurinn yfir vötnum en lagabálkurinn samanstendur þó að mestu af lögum úr smiðju Jóns.


Greta Salóme heldur jólastund í Hlégarði í Mosó. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Hvað?** Jól með Jóhönnu
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Grundarfjarðarkirkju

Viðburðir

**Hvað?** Jólatorgið í Hjartagarðinum
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hjartagarðinum, Laugavegi
Fjölbreytt handverk, götugómsæti, söngur og gleði. Kíktu í jólastemninguna í Hjartagarðinum og gæddu þér á heitu súkkulaði eða jólaglöggi og taktu þátt í alvöru jólamarkaði að evrópskri fyrirmynd. Sjáumst í Hjartagarðinum á aðventunni.

**Hvað?** Jólainnpökkun Stellu
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Ölhúsinu, Hafnarfirði
Ölhúsið og Stella Artois ætla að létta þér undirbúning jólanna. Þetta er einfalt. Þú kemur í Ölhúsið milli klukkan 17.00 og 21.00 föstudaginn 22. desember því þá verður „pakkasérfræðingur“ Stellu á staðnum og pakkar inn fyrir þig gjöfum með hverjum seldum Stella Artois.

**Hvað?** Jólagarður Petersen – jólamarkaður
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Petersen svítunni, Ingólfsstræti
Það verður jólamarkaður úti og verður hann opinn frá kl.16, jólaglögg, jólakokteilar og jólabjórar á tilboði, heitt súkkulaði fyrir krakkana, piparkökur, jólailmur og ljúfir jólatónar. Fjölbreyttur varningur verður til sölu á jólamarkaðnum, veitingar og ýmis gjafavara. Hlökkum til að sjá ykkur í jólagír.

**Hvað?** Svanurinn – Jólasýning
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíói
Jólasýning Svansins er löngu orðin mikilvægur þáttur í jólaundirbúningi allra landsmanna. Þar verður grínað, glensað og allt gert til þess að koma áhorfendum í tengsl við hinn eina sanna jólaanda. Lög verða sungin, atriði verða leikin og hver veit nema einn eða tveir leynigestir láti sjá sig.








BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

The Party ........ 18:00, 22:15
Mother! ........ 17:30, 22:00
Undir Trénu ENG SUB ........ 18:00
The Killing of a Sacred Deer ........ 20:00, 22:15
Listy Do M3 ENG SUB ........ 20:00
Atvikið á Nile Hilton hótelinu ........ 20:00




emmessis
JÓLAÍS
&
HÁTÍÐARÍS
Fáðu þér ekta rjómaís
frá Emmessís á jólunum
emmessis
HÁTÍÐARÍS
RJÓMAÍS MEÐ FRÖNSKU NÚGGATI OG
STÖKKUM KARAMELLUKÚLUM
1,5 LÍTRI
emmessis
JÓLAÍS
RJÓMAÍS MEÐ TÍRAMÍSÚ
1,5 LÍTRI
EKTA
ÍSLENSKUR
Rjómaís

# DAGSKRÁ

# Föstudagur




**ÞEGAR TRÖLLI STAL JÓLUNUM**
KL. 19:25
Jólin eru uppáhalds tími flestra en þó ekki alveg allra. Trölli þolir ekki þessa ljósadýrð og nú ætlar hann að stela jólunum og öllu því dásamlega sem þeim fylgir. Ævintýraleg gamanmynd fyrir alla fjölskylduna með Jim Carrey í aðalhlutverki.

Frábært
**Föstudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**



**FLORENCE FOSTER JENKINS**
KL. 21:20
Sönn saga hinnar kostulegu Florence Foster Jenkins sem þráði að verða óperusöngkona þrátt fyrir að vera bæði laglaus og rammfölsk! Stórskemmtileg og grátbrosleg bíómynd með Meryl Streep og Hugh Grant í aðalhlutverkum.

**WAR DOGS**
KL. 22:00
Sönn saga þeirra Davids Packouz og Efraims Diveroli sem lönduðu stórum vopnasölusamningi við bandaríska varnarmálaráðuneytið ungir að aldri.





**THE X-FACTOR UK**
FÖSTUDAGA OG LAUGARDAGA KL. 20.00
Einn vinsælasti skemmtiþáttur í heimi og stórgóð tónlistarveisla þar sem Simon Cowell fer fremstur í flokki frábærra dómara.

**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.**
**365.is**

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Tommi og Jenni
**07.45** Kalli kanína og félagar
**08.05** The Middle
**08.30** Pretty Little Liars
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Veep
**10.50** Planet's Got Talent
**11.10** Mike & Molly
**11.30** Í eldhúsinu hennar Evu
**11.55** Anger Management
**12.15** Eldhúsið hans Eyþórs
**12.35** Nágrannar
**13.00** Murder, She Baked: A Chocolate Chip Cookie Mystery
**14.25** To Walk Invisible
**16.25** Asíski draumurinn
**16.55** Friends
**17.15** Friends
**17.40** Bold and the Beautiful
**18.03** Nágrannar
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** How the Grinch Stole Christmas Ævintýraleg gamanmynd fyrir alla fjölskylduna frá 2000 með Jim Carrey. Jólin eru flestum kærkomin hátíð í svartasta skammdeginu en þó ekki öllum því þau fara hrikalega í taugarnar á hellisbúanum Trölla. Og nú ætlar hann að stela jólunum og öllu því dásamlega sem þeim fylgir.
**21.20** Florence Foster Jenkins Frábær mynd frá 2016 með Meryl Streep og Hugh Grant í aðalhlutverkum. Hér er sögð sönn saga hinnar kostulegu Florence Foster Jenkins sem þráði að verða óperusöngkona þrátt fyrir að vera auðheyranlega alveg rammfölsk. Þegar Florence erfði mikla peninga eftir föður sinn árið 1909, á sama tíma og hún hitti breska leikarann St. Clair Bayfield sem gerðist sambýlismaður hennar, umboðsmaður og aðdáandi númer eitt, má segja að sérstæður söngferill hennar hafi hafist fyrir alvöru.
**23.10** The Night Before
**02.35** Risen
**04.20** Losers
**05.30** The Middle

## STÖÐ 2 SPORT

**08.20** Brighton - Burnley
**10.00** Arsenal - Newcastle
**11.45** Chelsea - Southampton
**13.30** Manch. City - Tottenham
**15.15** WBA - Manchester United
**17.00** Messan
**18.35** La Liga Report
**19.00** PL Match Pack
**19.30** Arsenal - Liverpool
**21.45** Bundesliga Weekly
**22.15** UFC Fight Night: Lawler Vs. Dos Anjos

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.00** Red Star Belgrade - Köln
**09.40** Austria Wien - AEK Aþena
**11.25** Limassol - Everton
**13.10** Arsenal - Bate Borisov
**15.00** Barcelona - Deportivo La Coruna
**16.40** Spænsku mörkin
**17.05** Bournemouth - Liverpool
**18.50** Everton - Swansea
**20.35** Premier League Review
**21.30** La Liga Report
**21.55** PL Match Pack
**22.25** NFL Gameday
**22.55** 2013 Miami Heat NBA Championship Film

## STÖÐ 3

**14.45** PJ Karsjó
**15.10** Grand Designs
**16.00** Falleg íslensk heimili
**16.30** Pretty Little Liars
**17.15** Fresh Off the Boat
**17.45** The Big Bang Theory
**18.15** New Girl
**18.40** Modern Family
**19.05** Friends
**19.30** Seinfeld
**20.00** The X Factor 2017
**21.25** It's Always Sunny in Philadelphia
**21.50** The Knick
**22.45** Eastbound & Down
**23.15** Entourage
**23.45** Unreal
**01.15** Modern Family
**01.40** Seinfeld
**02.05** Friends
**02.30** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.05** Dóra könnuður
**07.29** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.49** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Lalli
**08.55** Rasmus Klumpur og félagar
**09.00** Strumparnir
**09.25** Hvellur keppnisbíll
**09.37** Ævintýraferðin
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Stóri og Litli
**10.13** Víkingurinn Viggó
**10.27** K3
**10.38** Mæja býfluga
**10.50** Elías
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.55** Rasmus Klumpur og félagar
**13.00** Strumparnir
**13.25** Hvellur keppnisbíll
**13.37** Ævintýraferðin
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Stóri og Litli
**14.13** Víkingurinn Viggó
**14.27** K3
**14.38** Mæja býfluga
**14.50** Elías
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.55** Rasmus Klumpur og félagar
**17.00** Strumparnir
**17.25** Hvellur keppnisbíll
**17.37** Ævintýraferðin
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Stóri og Litli
**18.13** Víkingurinn Viggó
**18.27** K3
**18.38** Mæja býfluga
**18.50** Elías
**19.00** Jóladagatal Afa
**19.05** Dino Mom

## GOLFSTÖÐIN

**08.30** Golfing World
**09.20** The Honda Classic
**14.20** PGA Highlights
**15.15** Commercialbank Qatar Masters
**16.55** Swinging Skirts LPGA Taiwan Championship
**20.25** Golfing World
**21.15** 2017 Augusta Masters
**23.15** Golfing World

## STÖÐ 2 BÍÓ

**09.10** The Portrait of a Lady
**11.35** Madame Bovary
**13.35** Friday Night Lights
**15.35** The Portrait of a Lady
**18.00** Madame Bovary Dramatísk mynd frá 2014 sem fjallar um bóndadótturina Emmu Rouault sem giftist lækninum Charles Bovary til að losna undan sveitalífinu og í von um að lifa rómantísku og hamingjuríku lífi yfirstéttarfólksins. Sagan um frú Bovary eftir franska rithöfundinn Gustave Flaubert er sígilt meistaraverk og einstök samtímalýsing á lífi og lífsgildum fólks í Frakklandi um miðja nítjándu öld. Hún segir frá leit sveitastúlkunnar Emmu Bovary að hamingjunni eins og hún kemur henni fyrir sjónir.
**20.00** Friday Night Lights
**22.00** War Dogs Gamansamur spennutryllir frá 2016 með Jonah Hill og Miles Teller. Myndin er byggð á sannri sögu þeirra Davids Packouz og Efraims Diveroli sem árið 2007 lönduðu 300 milljóna dollara vopnasölusamningi við bandaríska varnarmálaráðuneytið þrátt fyrir að vera aðeins rúmlega tvítugir að aldri.
**00.00** The Lord of the Rings: The Return of the King
**03.20** War Dogs

## RÚV

**08.00** KrakkaRÚV
**10.18** Undraveröld Gúnda
**10.30** Jólafjölskyldan
**11.55** Á spjalli við dýrin
**12.55** David Attenborough: Haldið í háloftin
**13.45** Jól með Price og Blomsterberg
**14.10** Marvellous
**15.40** Jól með Price og Blomsterberg
**16.05** Aðstoðarmenn jólasveinanna
**16.15** Jólin hjá Mette Blomsterberg
**16.45** Landinn
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Jólin með Jónu Maríu
**18.05** Elías
**18.16** Letibjörn og læmingjarnir
**18.23** Gula treyjan
**18.25** Jóladagatalið: Snæholt
**18.50** Vísindahorn Ævars
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.45** Aðstoðarmenn jólasveinanna
**20.00** Útsvar
**21.20** Ljósmóðirin: Jólin nálgast – Seinni hluti
**22.10** Win Win
**23.55** Jól í Vínarborg
**01.25** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show
**09.45** The Late Late Show
**10.25** The Voice USA
**11.55** Síminn + Spotify
**13.20** Dr. Phil
**14.00** Hats Off to Christmas
**15.30** America's Funniest Home Videos
**15.55** Everybody Loves Raymond
**16.20** King of Queens
**16.45** How I Met Your Mother
**17.10** Dr. Phil
**17.55** The Tonight Show
**18.40** The Voice USA
**19.30** The Voice USA
**21.00** Love Actually
**23.15** A Lot Like Love
**02.45** Unbreakable
**04.35** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

markhönnun ehf

# nettó




**ANNA - EINS OG ÉG ER**
GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR
**4.744 KR STK**




**VARGÖLD Á VÍGASLÓÐ**
MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON
**4.927 KR STK**




**ÞAÐ SEM DVELUR Í ÞÖGNINNI**
ÁSTA KRISTRÚN RAGNARSDÓTTIR
**4.549 KR STK**




**AMMA BEST**
GUNNAR HELGASON
**3.178 KR STK**




**HENRI HITTIR Í MARK**
ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON
**3.178 KR STK**




**JÓL MEÐ LÁRU**
BIRGITTA HAUKDAL
**1.169 KR STK**




**ÚTKALL - REIÐARSLAG Í EYJUM**
ÓTTAR SVEINSSON
**4.549 KR STK**




**GATIÐ**
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
**4.199 KR STK**




**SAKRAMENTIÐ**
ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON
**4.409 KR STK**




**HEIMA**
SÓLRÚN DIEGO
**4.339 KR STK**

**Tilboðin gilda 22. - 24. desember 2017    www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

# Skotheld ráð til að hjálpa þér að taka þátt í Veganúar



Þetta er í fjórða sinn sem Veganúar er haldinn á Íslandi og Vala skorar á alla að kynna sér um hvað málið snýst. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Vala Árnadóttir**, framkvæmdastjóri Samtaka grænmetisæta, skorar á fólk að prófa að taka þátt í áskoruninni. Hún setti saman góð ráð fyrir áhugasama um vegan-lífsstílinn. Hún segir hvern sem er geta tekið þátt.

### GÓÐ RÁÐ TIL AÐ BYRJA

- Klára eða gefa matvöru með dýraafurðum milli jóla og nýárs
- Sækja mataplan á veganuar.is og kaupa í matinn út frá því.
- Fá þér vegan-sponsor sem fer með í verslun að kaupa inn og eldar jafnvel með þér (hægt verður að sækja um vegan-sponsor á veganuar.is eða á kynningarfundi Veganúar 3. janúar).
- Gerast meðlimur í Vegan Ísland-hópnum á Facebook.
- Fylgjast með Veganúar-snappinu en þar miðlar nýr aðili upplýsingum og fræðslu daglega í janúar.

Guðný Hrönn
gudnyhronn@365.is



Spurð út í hvers vegna fólk ætti að taka þátt í Veganúar í ár að hennar mati segir Vala: „Það eru margar og fjölbreyttar ástæður fyrir því að fólk gerist vegan. Suma langar að líða betur og hafa jákvæð áhrif á jörðina. Aðrir sækjast eftir áskoruninni en margir nota Veganúar sem áramótaheit og líta á mánuðinn sem heilsusamlega byrjun á árinu. En fyrir flesta er dýravernd aðalhvatinn. Veganismi er stærsta réttlætisbaráttuhreyfingin í heiminum í dag.“

Vala segir mikinn misskilning að vegan-mataræði sé einhæft. „Prófaðu að gerast vegan í mánuð og upplifðu nýjar víddir í matargerð og líkamlegri og andlegri vellíðan. Þú átt ekki eftir að sjá eftir því í lok Veganúar.“


Vegan-lífsstíll er ekki megrun eins og sumir virðast halda. NORDICPHOTOS/GETTY

**VEGANISMI ER STÆRSTA RÉTTLÆTISBARÁTTUHREYFINGIN Í HEIMINUM Í DAG.**

### Ekki kál í öll mál

Vala minnir á að Veganúar sé ekki megrunarátak eins og sumir virðast halda. „Sykur og hveiti er til dæmis vegan og það er fullt af snakki og nammi vegan án þess þú vitir það, eins og Oreo-kex, margt dökkt súkkulaði, svart Doritos-snakk og flest snakk. Það er hægt að fá djúsí vegan-hamborgara og franskar á flestum stöðum bæjarins og pitsur með vegan-osti eða án osts, það kemur á óvart að hann þarf ekki. Það verða tilboð frá veitingastöðum á síðunni veganuar.is,“ segir Vala sem setti svo saman eftirfarandi ráð fyrir þá lesendur sem langar til að prófa að taka þátt í Veganúar en vita ekki hvernig er best að byrja.

### HVAÐ ER VEGANÚAR?

**Veganúar er viðburður, eða áskorun, sem haldin er í janúarmánuði ár hvert og hefur það að markmiði að vekja fólk til umhugsunar um áhrif neyslu dýraafurða og kynna kosti vegan-fæðis fyrir heilsu, umhverfi og dýravernd. Veganúar er hluti af alþjóðlegri Veganuary-hreyfingu sem hófst á Englandi í janúar árið 2014 og hefur hreyfingin nú náð til margra landa. Samtök grænmetisæta á Íslandi hafa staðið fyrir Veganúaráskorun síðan 2015 og verður því Veganúar 2018 í fjórða skipti sem áskorunin er haldin hérlendis. Veganúar á Íslandi fer stækkandi með hverju árinu sem líður.**




## Vala mælir með þessu

**Vala mælir með að áhugasamir um vegan-lífsstíl kynni sér eftirfarandi:**

- Cowspiracy – heimildarmynd sem fjallar um áhrif dýraafurðaiðnaðarins á umhverfið/náttúruna.
- Forks over Knives – heimildarmynd sem fjallar um heilsusamlegan ávinning af því að vera vegan.
- Earthlings – mynd sem fjallar um aðbúnað dýra í iðnaðinum.
- Einnig eru margar bækur gagnlegar eins og Eating Animals eftir Jonathon Safran Foer, How Not to Die eftir Michael Greger M.D. og Animal Liberation eftir Peter Singer.

# Skrýtnir skór sem tískuhúsin kynntu til leiks árið 2017

Nokkur helstu tískuhús heims kynntu til leiks ýmsan skrýtinn skóbúnað á árinu sem er að líða.

Við erum að tala um skreytta Crocs-skó frá Balenciaga, gegnsæ plaststígvél frá Chanel og hælaskó prýdda svampi frá Christopher Kane svo nokkur dæmi séu tekin. Þetta er aðeins brot af því besta ... eða furðulegasta. – gha

**MÖRG TÍSKUHÚS SENDU FRÁ SÉR STÓRSKRÝTNA SKÓ Á ÞESSU ÁRI.**


Plaststígvél frá Chanel.


Svampaskórnir frá Christopher Kane.


Balenciaga og Crocs í eina sæng.


Mjög ýktir skór frá tískuhúsi Louis Vuitton.

# SPORTS DIRECT

**Opið til 22:00 fram að jólum**

| NIKE STRIGASKÓR | UNDER ARMOUR BUXUR | UNDER ARMOUR HETTUPEYSA | PUMA ÆFINGARBUXUR |
|---|---|---|---|
|  |  |  |  |
| MEGA VALUE | MEGA VALUE | MEGA VALUE | MEGA VALUE |
| TIL Í STÆRÐUM 40-47 | | | |
| 10.890 KR. | 8.990 KR. | 7.990 KR. | 4.990 KR. |

| KARRIMOR HLAUPATREYJA | NIKE KVENNA HETTUPEYSA | NIKE KVENNA ÆFINGARBUXUR | MISO KVENNASKÓR |
|---|---|---|---|
|  |  |  |  |
| MEGA VALUE | MEGA VALUE | MEGA VALUE | MEGA VALUE |
| EINNIG TIL Í HERRASTÆRÐUM | | EINNIG TIL FRÁ ÖÐRUM MERKJUM | TIL Í STÆRÐUM 37-43 |
| 7.590 KR. | 8.990 KR. | VERÐ FRÁ 5.590 KR. | 4.790 KR. |

| GEORGIO SPARISKÓR | KANGOL SPARISKÓR | SONDICO BARNA FÓTBOLTAPEYSA | SONDICO FÓTBOLTABUXUR |
|---|---|---|---|
|  |  |  |  |
| MEGA VALUE | MEGA VALUE | MEGA VALUE | MEGA VALUE |
| TIL Í STÆRÐUM 41-49 | TIL Í STÆRÐUM 28-34 | | |
| 4.790 KR. | 5.190 KR. | 3.990 KR. | 4.390 KR. |

GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST. BIRT MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTAR- OG PRENTVILLUR.

**SPORTS DIRECT**

*Skógarlind 2*

**Opnunartími**
*9.12-17.12: 10:00-22:00*
*18.12-23:12: 10:00-23:00*
*24.12: 10:00-14:00*
*25.12: LOKAÐ*
*31.12: LOKAÐ*
*1.1: LOKAÐ*

LONSDALE LONDON · karrimor · PUMA · Slazenger · adidas




Hin
**Fullkomna**
*Jólagjöf*

*Gildir í verslunum Sportsdirect.com a íslandi!*



# Jólagjafir handa þeim sem allt eiga

Jólin eru rétt handan við hornið og tími til kominn að redda síðustu gjöfunum. Það getur verið vandasamt að finna gjafir sem hitta í mark, sérstaklega fyrir þá sem virðast eiga allt og meira til. Meðfylgjandi eru nokkrar hugmyndir að góðum gjöfum fyrir þau sem eiga allt og vantar ekki enn einn blómavasann.

**Sápur og dekur** Alveg sama hversu mikið maður á, þá þarf maður víst alltaf að þrífa sig. Lúxussápur, krem og hvers konar dekur slær alltaf í gegn.

**Myndaalbúm** Útprentaðar ljósmyndir frá góðum stundum er algjörlega skotheld gjöf, sérstaklega á þessum síðustu og verstu þegar allar myndir eru týndar á einhverjum hörðum diskum ofan í skúffu.

**Gjafabréf á snyrtistofu** „Ég hata gott nudd og dekur,“ sagði enginn, aldrei.

**Ljúffeng máltíð** Og talandi um gjafabréf, gjafabréf út að borða ætti líka að slá í gegn hjá flestum.

**Gjafabréf á upplifun** Og við höldum áfram með gjafabréfin. Gjafabréf á námskeið eða upplifun er sniðug gjöf. Sem dæmi mætti nefna gjafabréf á matreiðslu-, dans- eða föndurnámskeið.



Gott ferðalag hlýtur að vera hin fullkomna gjöf.



Elska ekki allir nudd og dekur?

**Bækur** Góð bók klikkar ekki, það er bara þannig.

**Utanlandsferð** Fyrir þá sem vilja gefa sérstaklega tilkomumikla gjöf, þá er gjafabréf frá flugfélagi ansi myndarleg gjöf og það er alveg gulltryggt að þiggjandinn mun brosa sínu breiðasta á aðfangadag.

**Kaffi og aftur kaffi** Fyrir kaffiunnandann er klippikort á kaffihús einstaklega góð gjöf. Og auðvitað er best að láta margnota kaffimál fylgja með, jólagjöf fyrir náttúruna.

**Ávísun á samverustund** Gjafabréf með boði í gönguferð eða annað álíka. Kostar ekki krónu.



Margnota kaffimál og kaffi er frábær gjöf fyrir kaffifíkilinn í lífi þínu.

**Árskort í bíó** Árskort eða klippikort í bíó er sniðug gjöf fyrir kvikmyndaunnandann.

**Góðgerðarmál** Og fyrir þá sem raunverulega vantar ekki neitt, þá er alveg kjörið að kaupa gjafabréf hjá góðgerðarsamtökum í nafni viðkomandi. Þá færð þú líka 100 karmastig í kladdann.

**Tímaritaáskrift** Áskrift að tímariti um áhugamál viðkomandi, steinliggur.

**ÞAÐ GETUR VERIÐ ERFITT AÐ FINNA RÉTTU JÓLAGJAFIRNAR FYRIR VINI OG FJÖLSKYLDU.**



Sniðugt er að pakka gjafabréfum inn í lítinn kassa. Það gerir gjöfina skemmtilegri fyrir augað.



Góð bók ætti ekki að klikka í jólapakkann.

Kæru landsmenn

Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

# 40% AFSLÁTTUR *af* ALLRI JÓLAVÖRU








# 25% AFSLÁTTUR



## POTTAR | PÖNNUR | MATARSTELL | HNÍFAPÖR
## SPIL | LEIKFÖNG *og* BOSCH SMÁRAFTÆKI




Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda til 24. desember eða á meðan birgðir endast.

# BOSCH RAFMAGNS-VERKFÆRI

## 20% AFSLÁTTUR



Auðvelt að versla á byko.is

**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN

# Förum glitrandi inn í jólin

Ef ekki núna hvenær þá? Rétti tíminn til að hlaða á sig glimmeri, pallíettum, gulli og glansi er runninn upp. Það er alltaf gott að fjárfesta í eins og einni glitrandi flík því þessi tími kemur alltaf aftur – hvort sem það er kjóll, toppur, jakki, skór, taska eða bara eyrnalokkar. Skreytum okkur aðeins meira yfir hátíðarnar!



Skór úr smiðju Victoriu Beckham.



Smart blússa frá Zöru, tilvalin í áramótapartiið.



Sparilegar buxur úr versluninni Mathildu.



Glæsilegur kjóll frá Malene Birger.



Eyrnalokkar úr Zöru, fullkomnir fyrir jól og áramót.





Strákar, það er um að gera að gefa glitrandi jökkum gaum að hætti Saint Laurent og stela senunni um jólin.

**JÓL OG ÁRAMÓT ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ KLÆÐA SIG UPP Í FLÍKUR SKREYTTAR PALLÍETTUM OG GLIMMERI.**





Buxnasett er klárlega eitt heitasta trend ársins.



Solange Knowles er ein best klædd kona ársins og kann að vera í glitrandi buxum.



Dásamlega fín taska sem myndi sóma sér vel í hvaða jólaboði sem er.

GLAMOUR
Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter






Columbia NIKE SKECHERS TRESPASS DIDRIKSONS1913 MILLET zamberlan Champion CAMPINGAZ MERIDA adidas Coleman DEVOLD ecco POLER MOUNTAIN HARD WEAR SOREL TATONKA



Friðrik Dór kynnti Kóra Íslands sem slógu í gegn hjá Stöð 2 en fá ekki endurgreiðslu sökum skorts á menningu. Sagafilm, framleiðandi þáttanna, er ekki sátt og er að skoða málið með lögfræðingum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Svipaðir þættir en aðeins annar fékk endurgreiðslu

Þáttaröðin Óskalög þjóðarinnar, sem sýnd var á RÚV á sínum tíma, fékk endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar upp á 12,5 milljónir. Þættirnir voru byggðir upp nánast nákvæmlega eins og Kórar Íslands en afstaða ríkisins er að kórastarf sé ekki menning.

Endurgreiðslan á að vera hvati og ekki síst fyrir hinar einkareknu sjónvarpsstöðvar að bjóða upp á menningarlegt sjónvarpsefni. Ég get ímyndað mér að þessar stöðvar hiki núna við að fara í framleiðslu á slíku efni án þessa stuðnings. Það er a.m.k. ljóst að líkurnar á að fara í aðra þáttaröð af Kórar Íslands eru nánast engar eftir þennan úrskurð,“ segir Þórhallur Gunnarsson hjá Saga Film.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur úrskurðað í kæru Sagafilm um endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar. Sagafilm framleiddi þáttaröðina Kóra Íslands sem sýnd var á Stöð 2 en þættirnir féllu á menningarhlutanum og fá því ekki endurgreiðslu.

Í úrskurðinum er staðfest að Kórar Íslands séu ekki nógu menningarlegt efni til að fá endurgreiðsluna. Ráðuneyti Þórdísar Kolbrúnar R. Gylfadóttur segir meðal annars að í þáttunum sé ekki að sjá neina atburði sem séu hluti af íslenskri menningu. Ráðuneytið sér heldur ekki hvernig verkefnið endurspegli mikilvæg íslensk gildi, það sé engin söguпersóna í þeim og að það sé ljóst að listgreinin þurfi að hafa menningarlegt vægi.

Sams konar þáttur og Kórar Íslands, Óskalög þjóðarinnar, sem sýndur var á RÚV fékk endurgreiðsluna á sínum tíma. Þátturinn var feykilega vinsæll og var byggður upp nánast með sama hætti.

Lagahöfundurinn var kynntur, lagið var flutt í sjónvarpssal og þjóðin kaus svo að lokum.

Þegar Óskalög þjóðarinnar sótti um styrk árið 2015 rann þátturinn í gegnum nálarauga nefndarinnar. Sagafilm er þessa stundina að fara yfir lögfræðilegu hliðina með lögfræðingi sínum og ætlar ekki að una úrskurði ráðuneytisins.

„Við klórum okkur bara í hausnum yfir því hvernig er hægt að komast að þeirri niðurstöðu að menningarlegt gildi þáttanna nái aðeins þremur stigum af þeim 16 sem eru í pottinum,“ segir Þórhallur og bætir við: „Það er áhugavert að skoða þetta í samhengi við sambærilegar þáttaraðir, s.s. Óskalög þjóðarinnar. Uppbygging þessara þáttaraða er afar svipuð; dægur- og sönglög flutt í sjónvarpssal og klippt innslög inn á milli. Áhorfendur velja sitt uppáhaldslag og eitt lag stendur uppi sem sigurvegari. Helsti munurinn virðist vera sá að Óskalögin voru tekin upp fyrir útsendingu en Kórarnir voru í beinni útsendingu. En þar sem í lögunum er ekki tekin nein afstaða til beinna útsendinga skýrir það samt ekki neitt.“

benediktboas@365.is

### KÓRAR ÍSLANDS

Lög flutt í beinni útsendingu.
Lög valin til flutnings í samráði við tónlistarstjóra þáttarins.
Fagfólk velur annað tveggja laga til áframhaldandi þátttöku, rökstyður valið faglega, áhorfendur velja hitt lagið.
Kórar og starfsemi þeirra kynnt í innslögum, lög og höfundar eftir atvikum.
Áhorfendur kjósa sigurlag í síðustu umferð af þremur.

### ÓSKALÖG ÞJÓÐARINNAR

Þáttur tekinn upp í sjónvarpssal, úrslitaþáttur í beinni.
Áhorfendur velja lög til flutnings í netkosningu.
Áhorfendur kjósa eitt lag áfram úr hverjum þætti.
Tónlistarsaga og þjóðlíf hvers áratugar, höfundar og flytjendur kynntir í innslögum.
Áhorfendur kjósa sigurlag.



**ÉG HEF SKILNING Á ÞVÍ AÐ FÓLKI FINNIST ÞAÐ SKRÝTIÐ AÐ KÓRAR ÍSLANDS, SEM ÉG GET TEKIÐ UNDIR AÐ ERU PARTUR AF ÞJÓÐARSÁLINNI, FÁI EKKI STYRK Á MEÐAN BIGGEST LOSER FÆR ÞAÐ.**

Þórdís Kolbrún í Reykjavík síðdegis í fyrradag

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

SÚPUHUMAR & STÓR HUMAR
VERÐ FRÁ 3.600 kr.kg
Fiskikóngurinn
Sogavegi 3
Höfðabakka 1

Verkfæri í miklu úrvali

ViAir 12V loftdælur í miklu úvali.
Jeppatjakkur 2.25t 52cm.
17.995
METABO Bútsög KS216
16.995
Verðmætaskápar
frá 4.995
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

ÓLAFUR HAUKUR SÍMONARSON
Fólkið í blokkinni
DÝRAGARÐURINN
SJÁLFSTÆTT FRAMHALD
Hvað gera Vigga, Óli bróðir og tvíburarnir á áttundu hæð, þegar bannað er að halda húsdýr í blokkinni?
Jú, auðvitað stofna þau dýragarð.



VIÐ ERUM
2 GÓÐIR SAMAN
JÓLATVENNA
Lucky Charms
Cocoa Puffs
General Mills
12g WHOLE GRAIN PER SERVING
13g WHOLE GRAIN PER SERVING
WE BELIEVE IN THE POWER OF WHOLE GRAIN CEREAL.
That's why WHOLE GRAIN is the FIRST INGREDIENT in ALL Big G cereals
WE BELIEVE IN THE GOODNESS OF WHOLE GRAIN CEREAL.
Cereal is packed with nutrients and contains complete grains.
That's why WHOLE GRAIN is the FIRST INGREDIENT in ALL Big G cereals and why
Frosted Toasted Oat Cereal with Marshmallows
They're Magically Delicious
THE ULTIMATE CHOCOLATEY EXPERIENCE!

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR




Maríu Bjarnadóttur


## Friðarjól

Mér finnst óskin um frið og farsæld sú allra fallegasta. Ég reyni að hafa hana með á þeim jólakortum sem þó tekst að senda af heimilinu og sendi hana af heilum hug. Ég vildi óska þess að við ættum öll frið; bæði í hjartanu og gagnvart öðru fólki, aðstæðum og reynslu okkar. Það væri líka óskandi að ósk um alheimsfrið væri ekki álitin óraunhæf vænting fegurðardrottninga, heldur markmið sem þjóðir heims gætu sameinast um.

Þó að það hafi oft reynt á íslenska þjóð höfum við ekki staðið í stríði og átökum með sama hætti og mörg önnur ríki. Okkar borgarastyrjaldir voru háðar á tíma fornsagna og þrátt fyrir vasklega framgöngu Landhelgisgæslunnar gegn breskum veiðiþjófum verður Þorskastríðið seint talið með helstu hernaðarátökum heimssögunnar.

Herleysið hér gerir það að verkum að það hangir ekki yfir íslensku samfélagi ótti um að unga fólkið verði sent í átök til að drepa og hugsanlega deyja fyrir málstað sem það tengir missterkt við. Það gerir það líka að verkum að okkar sameiginlegu sjóðir fara ekki í að byggja upp kerfi og innviði sem mótast af hernaði og átökum. Friður er undirstaða hagsældar. Þó svo að stjórnvöld taki þátt í að fjármagna starfsemi NATO, hefur það allt önnur áhrif á samfélagsgerðina en að reka her.

Friðurinn hér er þó hvorki lögmál né ótakmörkuð náttúruauðlind. Hann er brothættur og það þarf að gæta hans. Í þeim efnum er, eins og með svo margt annað, oft gott að byrja hjá sjálfum sér.

Ég tek því undir með Pálma Gunnarssyni, óska illsku og hatri burt og vona innilega að það sé inn með gleði og frið hjá okkur öllum.








